

Úttekt á leikskólanum Hlíð, 2011

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið



Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir og Kristín Björk Jóhannsdóttir

ATTENTUS
mannauður & ráðgjöf

© Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011

Efnisyfirlit

Heildarmat.....	5
Formáli.....	7
1. Inngangur.....	8
1.1. Gagnaöflun.....	8
2. Leikskólinn.....	8
2.1. Áherslur og stefna leikskólans.....	8
2.2. Rekstur og stjórnun.....	9
2.3. Starfsandi og skólabragur.....	11
2.4. Skólaþróun.....	11
2.5. Lög og reglugerðir.....	12
2.6. Húsnæði og aðbúnaður.....	12
2.6.1. Leikskólinn.....	12
2.6.2. Umhverfi leikskólans og útileiksvæði.....	14
2.7. Mat úttektaraðila.....	14
3. Skólanámskrá leikskóla.....	15
3.1. Skólanámskrá Hlíðar og tengsl við aðalnámskrá.....	15
3.2. Tengsl skólanámskrár við skólastefnu sveitarfélags.....	15
3.3. Áhersla á tiltekna þætti.....	16
3.4. Hugmyndafræði.....	16
3.5. Sérstakar námskrár og sérstaða skólans.....	16
3.6. Þátttaka og áhrif.....	17
3.7. Tengsl skólastiga.....	17
3.8. Mat úttektaraðila.....	18
4. Náms svið og námsþættir aðalnámskrár.....	18
4.1. Hreyfing.....	19
4.2. Málrækt.....	19
4.3. Myndsköpun.....	20
4.4. Tónlist.....	20
4.5. Náttúra og umhverfi.....	21
4.6. Menning og samfélag.....	22
4.7. Mat úttektaraðila.....	22
5. Dagskipulag og innra starf á leikskólanum.....	23
5.1. Uppeldi og kennsla – dagskipulag á leikskólanum.....	23
5.2. Hópatímar.....	24
5.3. Leikurinn.....	24
5.4. Leikefni og efniviður.....	24

5.5. Mat úttektaraðila	25
6. Innra mat	25
6.1. Mat úttektaraðila	26
7. Mannauður	27
7.1 Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun	27
7.2. Verkaskipting og starfslýsingar	27
7.3. Starfsþjálfun og símenntun	27
7.4. Fundir og boðskipti	28
7.5. Jafnrétti	29
7.6. Mat úttektaraðila	29
8. Börnin	30
8.1 Líðan	31
8.2 Lýðræði	31
8.3 Samskipti barna og starfsmanna	31
8.4 Mat úttektaraðila	31
9. Foreldrar	32
9.1 Foreldraráð	32
9.2 Foreldrafélag	32
9.3 Lýðræði og þátttaka	32
9.4 Samskipti heimilis og leikskólans	33
9.5 Mat úttektaraðila	34
10. Sérkennsla barna og sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins	34
10.1 Samstarf við heilsugæslu og sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins	35
10.2 Mat úttektaraðila	35
11. Mat og eftirlit sveitarfélagsins	36
11.1 Mat úttektaraðila	37
12. Niðurstöður höfunda	38
12.1 Styrkleikar og veikleikar, ógnanir og tækifæri	38
12.2 Tillögur til úrbóta	39
Heimildaskrá	40
Viðauki	41

Heildarmat

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á leikskólanum Hlíð í Mosfellsbæ. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni skal m.a. leggja mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins auk þess sem gera þarf grein fyrir því hvernig innra mat skólans og ytra mat og eftirlit sveitarfélagsins nýtist leikskólanum. Úttektin beindist sérstaklega að tengslum aðalnámskrár við skólanámskrá og framkvæmd laga í daglegu starfi.

Úttektin leiðir í ljós að stefna skólans er skýr og hefur fylgt honum frá árinu 1992. Rekstur og stjórnun hefur gengið vel og ánægja er með stjórnendum og starfsandinn er góður. Ýmis þróunarverkefni hafa verið innleidd með góðum árangri. Húsnæði, aðbúnaður og lóð styður við stefnu skólans og stutt er í náttúru. Skólanámskrá liggur fyrir. Skólinn uppfyllir kröfur aðalnámskrár um áherslupætti námssviða. Boðið er upp á fjölbreytt val og frjálsan leik, áhersla er lögð á skapandi efnivið og verðlaust efni. Lítil starfsmannavelta er í leikskólanum, meirihluti starfsmanna er fagmenntaður og með langan starfsaldur. Starfsmenn sækja mörg námskeið og samstarf er um endurmenntun við önnur sveitarfélög. Jafnréttisáætlun liggur ekki fyrir. Sex deildir eru í leikskólanum og eru þær aldurs blandaðar. Foreldraráð er starfandi og kemur það að endurskoðun skólanámskrár. Mikil ánægja er meðal foreldra með leikskólann. Samstarf er við Varmárskóla og tónlistarskóla. Sjálfsmatsskýrsla skólans liggur fyrir, en ekki eru allir þættir sem fram koma í aðalnámskrá metnir. Aðgerðaráætlanir í kjölfar kannana eru mjög almennar. Leikskólinn hefur góðan aðgang að sérfræðiráðgjöf frá sveitarfélaginu og er mikil samvinna við bæjaryfirvöld og helstu stofnanir sveitarfélagsins.

Helstu styrkleikar skólans er löng hefð fyrir kubbastarfi og listrænu og skapandi starfi. Metnaðarfullt og skipulagt starf er inn á hverri deild og ánægja er með stjórnendum, en þeir eru ásamt deildarstjórum með langan starfsaldur. Góður starfsandi er ríkjandi á leikskólanum og mikil áhersla er lögð á símenntun starfsmanna. Þróunarverkefni hafa gengið vel og þeim fylgt vel eftir. Gott samstarf er við Varmárskóla og tónlistarskóla. Mótun skólastefnu sveitarfélagsins er til fyrirmyndar en hún var gerð með þátttöku barna, starfsmanna, foreldra o.fl. Umhverfi leikskólans er mjög gott og mikil nálægð við náttúru, jafnt og stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins.

Helstu veikleikar skólans er að deildirnar eru mjög sjálfstæðar, sem getur verið kostur, en ákveðið flæði vantar á milli þeirra. Deildirnar eru ekki eins og segir í stefnu skólans, aldurskiptar, sem leiðir til að börnin færast of oft á milli deilda. Skráning, vinnuferli og upplýsingaflæði er mjög misjöfn milli deilda og ekki samræmd. Skólanámskrá er ekki nógu stefnumiðuð og markviss. Jafnréttisáætlun liggur ekki fyrir, sbr.lög um jafnrétti.

Sjálfsmatsskýrsla leikskólans er ekki ítarleg og tekur ekki á öllum þáttum aðalnámskrár. Aðgerðaráætlanir í kjölfar kannana er ekki nógu skýr.

Helstu tillögur til úrbóta eru að leikskólinn samræmi og einfaldi skólanámskrána, setji fram markmið og leiðir og tengi hana við nýja aðalnámskrá og stefnu sveitarfélagsins. Þá er lagt til að leikskólinn samræmi vinnuferli, verkferli og upplýsingaflæði deilda. Endurskoða þarf stefnu skólans hvað varðar aldur barna á deildum og tryggja að börn stoppi ekki stutt við á hverri deild. Auka þarf samheldni og samvinnu milli deilda. Útbúa þarf sjálfsmatsskýrslu þar sem tekið er á öllum þáttum aðalnámskrár í mati og aðgerðaráætlun í kjölfar kannana á viðhorfum foreldra, barna og starfsmanna þarf að vera skýr. Kanna þarf líðan barna og auka lýðræðislega aðkomu þeirra að leikskólastarfinu. Finna þarf leiðir til að auka hlutfall leikskólakennara, nýta starfsmannafundi betur og móta jafnréttisáætlun.

Formáli

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á leikskólanum Hlíð í Mosfellsbæ. Úttektin er unnin á vegum Attentus – mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Höfundar skýrslunnar eru Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir og Kristín Björk Jóhannsdóttir.

Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, börnum, foreldrum og fræðslunefnd fyrir góðar móttökur, aðstoð við gagnaöflun og samstarf á meðan á úttektinni stóð.

Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir, Kristín Björk Jóhannsdóttir

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á leikskólanum Hlíð í Mosfellsbæ. Úttektin er gerð á grundvelli 20. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á leikskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni skal m.a. leggja mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins auk þess sem gera þarf grein fyrir því hvernig innra og ytra mat skólans og eftirlit sveitarfélagsins nýtist leikskólanum.¹

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus – mannauði og ráðgjöf að gera úttektina. Höfundar skýrslunnar eru Ingunn Björk Vilhjálmsdóttur og Kristínu Björk Jóhannsdóttur. Í henni er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir leikskólanum Hlíð og niðurstöðum úttektarinnar. Gerð er grein fyrir styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum skólans. Að lokum eru tillögur til úrbóta.

1.1. Gagnaöflun

Tekin voru viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra, starfsmenn, börn, foreldra og fulltrúa úr fræðslunefnd og skólafulltrúa. Hvert viðtal tók að meðaltali eina til tvær klukkustundir og fór fram í leikskólanum. Markmiðið með viðtölum og rýnihópum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila á starfi leikskólans og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Auk ofangreindra viðtala, rýnihópa, funda og vettvangsskoðunar byggir úttektin á lögum og reglugerðum um leikskóla, skólanámskrá leikskólans auk gagna um starfsemi hans (sjá nánar í heimildaskrá).

2. Leikskólinn

Leikskólinn Hlíð í Mosfellsbæ hefur verið starfræktur frá 21. september 1985. Í upphafi var leikskólinn þriggja deilda þar af ein hálf dagsdeild en árið 1994 varð leikskólinn einsetinn. Deildir leikskólans draga nafn sitt af kennileitum í nánasta umhverfi hans og heita Álfahlíð, Kletthlíð, Hamrahlíð, Steinhlíð, Úthlíð og Esjuhlíð.² Fjöldi barna í leikskólanum árið 2011 er 96 börn á aldrinum 2-6 ára og 29 starfsmenn.

2.1. Áherslur og stefna leikskólans

Stefna skólans er að stórum hluta byggð á kenningum John Dewey. Megin innihald kenningarinnar er að börn læri og þroskist með því að fást við umhverfið á eigin forsendum og að barnið bæti við þekkingu sína með eigin uppgötvunum. Lögð er áherslu á skapandi

¹ Erindisbréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, 8. febrúar 2011.

² Skólanámskrá Hlíðar 2011.

starf og hugsun, listir og listmenningu. Það er gert með að hafa fjölbreyttan efnivið í boði, uppákomur og nýta tækifærin sem upp koma í leikskólastarfinu. Einnig er lögð áhersla á umhverfismennt, flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu.³

Aðalmarkmið leikskólans eru:

- Að efla skapandi og gagnrýna hugsun barnanna.
- Að efla sjálfsbjargarviðleitni þeirra.
- Að styrkja sjálfstraust barnanna, kjark og þor.
- Að efla ábyrgðarkennd barnanna gagnvart samborgurum sínum og umhverfi.
- Að börnin læri aga og reglur í samskiptum.

Góð samskipti eru einkunnar orð Hlíðar. Einnig segir í skólanámskrá að gildi Mosfellsbæjar séu: Virðing–Jákvæðni–Framsækni–Umhyggja og séu þau höfð í heiðri í öllu starfi leikskólans.⁴ Flestir foreldrar telja að gildið „Umhyggja” eigi best við leikskólann, því næst kemur gildið „Jákvæðni”.⁵ Á næsta starfsári stendur til að vinna frekar með gildin í leikskólanum og innleiða þau inn í daglegt starf.⁶

2.2. Rekstur og stjórnun

Við leikskóla skal vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraraðila. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli... Leikskólastjóri gerir rekstraraðila og bæjarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu.⁷

Leikskólinn er rekinn af Mosfellsbæ og starfar samkvæmt lögum um leikskóla, reglugerða um starfsemi þeirra og aðalnámskrá leikskóla.⁸ Fræðslunefnd fer með yfirumsjón leikskólamála í umboði bæjarstjórnar. Skólafulltrúi hefur umsjón með faglegu starfi sem felst m.a. í umsjón með uppeldisstarfinu, sérfræðiþjónustu, biðlistum og úthlutun leikskólaplássna. Hann hefur einnig umsjón með átaks- og þróunarverkefnum sem skólaskrifstofa stendur fyrir, svo og endur- og símenntun. Skólafulltrúi veitir leikskólunum ráðgjöf og stuðlar að samstarfi þeirra við aðra skóla, s.s. grunn- og tónlistarskóla með samræmingu og tengsl í huga. Yfirmaður Fræðslusviðs hefur rekstrarlega yfirumsjón með leikskólum Mosfellsbæjar í umboði Fræðslunefndar.⁹

Leikskólastjóri stjórnar allri daglegri starfsemi leikskólans og er yfirmaður allra starfsmanna hans. Leik- og aðstoðarleikskólastjóri mynda stjórnunarteymi skólans. Aðstoðarleikskólastjóri er í 20% starfshlutfalli við stjórnun en starfar annars á deild. Sex deildarstjórar eru í

³ Skólanámskrá Hlíðar 2011.

⁴ Skólanámskrá Hlíðar 2011.

⁵ Viðhorfskönnun foreldra í Hlíð 2009-10

⁶ Viðtal við skólastjórnendur, 29.apríl 2011.

⁷ Lög um leikskóla, nr. 90/2008, 5. gr.

⁸ Lög um leikskóla, nr. 90/2008, gr.

⁹ Heimasíða Mosfellsbæjar. Slóð: <http://mosfellsbaer.is/Menntunoguppeldi/Leikskolar/>

leikskólanum og bera þeir ábyrgð á starfsemi sinnar deildar.¹⁰ Deildarstjórar sögu að deildirnar fengju að blómstra á eigin forsendum út frá þeim mannauði sem þar væri.¹¹

Lýsing á hlutverki og ábyrgð starfsmanna er í starfsmannahandbók. Samkvæmt viðtali við stjórnendur og fræðslunefnd hefur leikskólinn staðist rekstraráætlanir. Sveitarfélagið fylgist með rekstrinum og farið er yfir áætlanir með bæjarstjóra, fjármálastjóra og fræðslustjóra. Leikskólastjóri taldi þetta fyrirkomulag gott og veitti öryggi í tengslum við að halda rekstraráætlun.¹²

Að mati starfsmanna er stjórnun leikskólans góð, leikskólastjórinn er sanngjarn, gott sé að leita til hans og hann sé ráðagóður. Starfsmenn telja að deildarstjórar vinni vel saman.¹³ Að mati deildarstjóra er stjórnun leikskólans mjög lýðræðisleg og óformleg. Í viðtali kom fram að sjálfstæði deildanna væri mikið.¹⁴ Niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna sýna að 83% starfsmanna eru ánægðir með stjórnun leikskólans og 17% eru hlutlausir.¹⁵

Ársskýrsla fyrir skólaárið 2009-2010 er aðgengileg á heimasíðu skólans.¹⁶ Starfsáætlun fyrir skólaárið 2011 liggur fyrir og þar segir meðal annars að helstu verkefni séu að hlúa vel að nemendum og starfsfólki og vera vakandi yfir velferð þeirra í ljósi efnahagsástands. Einnig segir að önnur verkefni séu að:

- Enduskoða námskrá leikskólans með tilliti til nýrrar aðalnámskrár.
- Læsisverkefnið PALS.
- Samvinna við Varmárskóla.
- Heimsókn í Listaskóla Mosfellsbæjar, tónlistardeild.
- Fara með starfsfólk í námsferð til útlanda.

Stjórnendur útbúa starfsáætlunina en þeir sögðu að þeir ræddu innihald hennar á starfsmannafundum. Í starfsáætlun er fjallað um fjármál og áætlanir, mannauð, innri virkni og stjórnkerfi. Markmið er sett á hvern þátt, helstu leiðir, mat, mælikvarða á árangur, tímasetningar og ábyrgðaraðila. Starfsáætlun er skilað til fræðslustjóra og lögð fyrir fræðslunefnd sem veitir endurgjöf. Starfsáætlunin er endurmetin og gerð er umbótaráætlun út frá því mati. Hún er aðgengileg inn á deildum og það sama á við um námskrá. Stjórnendur sögðu að vinna í tengslum við þau verkefni sem fram koma í starfsáætlun hafi gengið vel.¹⁷ Deildarstjórar sögðu að þeir hefðu ekki komið með beinum hætti að gerð starfsáætlunarinnar en unnið væri eftir henni.¹⁸

¹⁰ Viðtal við skólastjórnendur, 29. apríl 2011.

¹¹ Viðtal við deildarstjóra og sérkennara, 29. apríl 2011.

¹² Viðtal við skólastjórnendur, 29. apríl 2011 og fræðslunefnd 2. maí 2011.

¹³ Rýnihóur starfsmanna, 2. maí 2011.

¹⁴ Viðtal við deildarstjóra og sérkennara, 29. apríl 2011.

¹⁵ Viðhorfskönnun starfsmanna í Hlíð 2010

¹⁶ Heimasíða Hlíðar. Slóð: <http://www.leikskolinn.is/hlid/>

¹⁷ Viðtal við skólastjórnendur, 29. apríl 2011.

¹⁸ Viðtal við deildarstjóra og sérkennara, 29. apríl 2011.

2.3. Starfsandi og skólabragur

Starfsmannastefna Hlíðar liggur fyrir og í henni kemur m.a. fram að leikskólinn vill hafa hæft, áhugasamt og traust starfsfólk sem sýnir þjónustu- og samstarfsvilja. Starfsmenn sýni foreldrum, börnum, samstarfsfólki svo og öðrum ávalt kurteisi, hlýtt viðmót og leggi sig fram við að veita góða þjónustu.¹⁹

Fylgst er með starfsanda í skólanum með reglulegum könnunum sem framkvæmdar eru af Mosfellsbæ annað hvort ár. Helstu niðurstöður fyrir Hlíð árið 2010 voru þær að 92% starfsmanna eru ánægð í starfi, 82% starfsmanna telja að það ríki jákvæð vinnustaðamenning og 72% telja að það ríki mikil samheldni í starfsmannahópnum, en 27% eru hlutlausir. Um 60% starfsmanna telja að þeir séu duglegir að hrósa hver öðrum fyrir vel unnin verk, 33% eru hlutlausir og 17% eru frekar ósammála.²⁰

Stjórnendur telja að góður starfsandi ríki á leikskólanum, ekki séu allir alltaf sammála, enda hópurinn búinn að starfa lengi saman. Það hefur því reynst vel að fá inn nýtt fólk í leikskólann, í bland við reynslumikla starfsmenn.²¹ Að mati deildarstjóra hafa komið upp vandamál í samskiptum, en verið sé að vinna í þeim málum.²² Starfsmenn telja að einangrun deildanna sé nokkur en starfsmenn reyni að hittast mánaðarlega eftir vinnu og gera sér glaðan dag.²³ Foreldrar upplifa afslappað andrúmsloft í leikskólanum, vel sé tekið á mótí börnum og foreldrum en þeir telja ákveðna þreytu vera komna í starfsmannahópinn, því sé það mikil áskorun fyrir leikskólastjóra að halda neistanum hjá hópnum.²⁴

2.4. Skólaþróun

*Þróunarverkefni skal byggja, eftir því sem kostur er, á reynslu og rannsóknum annarra. Þá þarf oft að leita frekari upplýsinga í fagritum, sækja fyrirlestra eða fræðast um efnið með öðrum hætti. Verkefni þarf að afmarka miðað við markmið, aðstæður og metnað. Gera þarf ítarlega áætlun um alla þætti verkefnisins.*²⁵

Ýmis þróunarverkefni hafa verið unnin í leikskólanum. Árið 2001 fékk Mosfellsbær styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að fara í þróunarverkefnið *Börn og listmenning*. Það var unnið í samstarfi við leikskólafulltrúa og forstöðumann fræðslu- og menningarsviðs bæjarfélagsins. Leikskólinn tók þátt í þessu verkefni og í skólanámskrá segir að þó að því sé formlega lokið þá sé enn unnið samkvæmt því með börnunum og það sé ávallt í þróun.

Vorið 2005 var ákveðið að Mosfellsbær tæki þátt í verkefni Lýðheilsustöðvar *Allt hefur áhrif – einkum við sjálf* og var aðgerðaáætlun í tengslum við verkefnið samþykkt í bæjarstjórn í nóvember 2006. Leikskólinn vinnur enn eftir þeim markmiðum sem sett voru fram í aðgerðaráætluninni.

¹⁹ Starfsmannastefna Hlíðar.

²⁰ Viðhorfskönnun starfsmanna Mosfellsbæjar, 2009.

²¹ Viðtal við skólastjórnendur, 29.apríl 2011.

²² Viðtal við deildarstjóra og sérkennara, 29.apríl 2011.

²³ Rýnihóur starfsmanna, 2.maí 2011.

²⁴ Rýnihópur foreldra, 2.maí 2011.

²⁵ Aðalnámskrá leikskóla 1999.

Frá árinu 2008 hefur verið í gangi verkefnið PALS á vegum skólaskrifstofu Mosfellsbæjar í leik- og grunnskólum bæjarfélagsins. Verkefnið er unnið með tveim elstu árgöngum leikskólans. Kennararnir hafa fengið þjálfun í PALS sem gengur út frá samvinnunámsnálgun sem miða af virku og markvissum samskiptum nemenda.²⁶ Samkvæmt starfsáætlun skólans er eitt af verkefnum ársins 2011 að innleiða nýtt kennsluefni í tengslum við PALS.²⁷ Leikskólinn hefur tekið þátt í tveimur þróunarverkefnum sem snýr að tengslum skólastiga, sjá nánar kafla 3.7.

2.5. Lög og reglugerðir

Lög um leikskóla nr. 90/2008 urðu til þess að árið 2009 ákvað skólaskrifstofa Mosfellsbæjar að setja saman stýrihóp um mat á leikskólastarfi. Markmið hópsins var að móta leiðir til að meta leikskólastarf og stuðla að því að innleiða sjálfsmat í leikskólum bæjarins.²⁸ Stjórnendur sögðu að nýju lögini hefðu leitt til að nú væri starfsáætlun skólans rýnd af foreldraráði. Einnig sögðu þeir að nú fylgdi skýrsla með börnunum þegar þau hæfu grunnskólagöngu og skilafundur væri með grunnskólakennurum. Stjórnendur sögðu að lögini hefði ekki haft í för með sér aukin kostnað fyrir leikskólann.²⁹

2.6. Húsnæði og aðbúnaður

Gerð leikskólahúsnæðis skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks.³⁰

2.6.1. Leikskólinn

Leikskólinn er staðsettur við Hlaðhamra í Mosfellsbæ. Árið 2000 var tekin í notkun færanleg skólastofa við leikskólann og með tilkomu hennar urðu deildarnar fimm. Leikskólinn var í upphafi 430:80m² en er nú 807m². Stærð lóðar er 4.854m². Í dag eru sex deildir í leikskólanum, Álfahlíð, Klettahlíð, Hamrahlíð, Úthlíð, Esjuhlíð og Steinahlíð.

Um skipulag leikskólans segir í skólanámskrá að á deildum séu margir krókar, m.a. kubba-, lista-, bóka-, leik-, dýra-, bíla-, og spilakrókur sem notaðir eru sem leikskvæði barnanna. Listaskálinn er stór og vel búinn. Bókasafnið er staðsett í listaskála og er það vel búið bókum, diskum og kassetum sem hæfa aldri, þroska og áhuga allra barna. Hljóðfæri eru í skáp í listaskála og smíða- og tilraunadót. Í salnum eru dýnur, púðar og fjölbreyttu úrvali af áhöldum og leikföngum til hreyfileikja. Svið er í salnum þar sem framkoma er æfð og leikrit sýnd. Í salnum eru hljómflutningstæki. Leikskólinn á tölvur, prentara, sjónvarp, vídeótæki og DVD spilara, stafrænar myndavélar og vídeóupptökuvél, myndvarpa, ljósritunarvél,

²⁶ Skólanámskrá. Hlíð 2011.

²⁷ Starfsáætlun fyrir starfsárið 2011.

²⁸ Upplýsingar frá leikskólastjóra.

²⁹ Viðtal við skólastjórnendur, 29. apríl 2011.

³⁰ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 12.gr.

skjávarpa og leirbrennsluofn.³¹ Til er handbók um öryggisreglur fyrir leikskóla Mosfellsbæjar og voru þær samþykktar af fræðslunefnd Mosfellsbæjar 21. janúar 2002. Í handbókinni er að finna gátlista fyrir eftirlit á húsnæði og garði.³²

Í skólanámskrá er fjallað um eftirlit með húsnæði og innanstokksmunum. Blöð eru til staðar til útfyllingar vegna innra og ytra eftirlits og kvittað er á þau í upphafi og lok dags. Innra eftirlit fellst í því að einu sinni í mánuði er gert ýtarlegt eftirlit á innanstokksmunum, áhöldum og tækjum í leikskólanum. Almennt daglegt eftirlit er framkvæmt á hverri deild fyrir sig. Þá er farið yfir hvort allt sé í lagi s.s. gluggar, hiti o.fl. Við frágang á deild eru stólar og borð skoðuð. Leikföng eru þrífín reglulega. Ytra eftirlit fellst í því að hver deild fyrir sig hefur eftirlit með garðinum, viku í senn. Farið er á hverjum morgni í skoðunarferð um garðinn áður en börnin fara út. Athugað er hvort hlið eru læst, leiktæki í lagi og hvort aðskotahlutir séu í sandkassa eða á lóð. Einnig er athugað með vatnssöfnun í garðinum þ.e. hvort í garðinum séu hættulegir pollar.³³ Leikskólinn er reglulega tekin út af opinberum aðilum og niðurstöður eru kynntar starfsfólki.³⁴

Stjórnendur eru mjög ánægðir með húsnæðið og nefndu sérstaklega að aðbúnaður hefði batnað til muna eftir að leikskólinn var stækkaður árið 2003. Þá bættist við salur, undirbúningsherbergi, sérkennsluherbergi, bað og ný deild. Þá breyttist lóðin einnig til hins betra.³⁵ Fram kom að fataklefar á elstu barna deildunum mættu vera stærrí.³⁶ Deildarstjóri sérkennslu sagði að aðbúnaður í leikskólanum varðandi sérkennslu væri mjög góður.³⁷ Foreldrar voru almennt sáttir við aðbúnað barnanna en nefndu að fataklefarnir væru þröngir og það mætti vera skýrari skilaboð um hvort það eigi að taka fötin heim á hverjum degi. Að mati þeirra skapar það nokkur óþægindi að taka fötin daglega heim.³⁸ Í viðhorfskönnun starfsmanna kemur fram að 63% þeirra eru ánægð með vinnuaðstæður, 18% eru hlutlausir og 18% eru frekar óánægðir.³⁹

Í viðtali við stjórnendur kom fram að eldhúsið uppfyllti kröfur heilbrigðiseftirlits og væri það athugað reglulega. Til er rýmingaráætlun fyrir leiksskólann og hefur rýming verið æfð og áætlunin endurskoðuð eftir æfingu. Slökkvilið höfuðborgarsvæðis kemur reglulega í heimsókn og fræðir börn og starfsfólk um viðbrögð við eldsvoða. Áhættumat er til og í leikskólanum eru öryggismaður og öryggistrúnaðarmaður.⁴⁰

³¹ Skólanámskrá Hlíð 2011.

³² Árvekni, ábyrgð og yfirsýn. Öryggisreglur fyrir leikskóla Mosfellsbæjar

³³ Skólanámskrá Hlíðar, 2011.

³⁴ Viðtal við skólastjórnendur, 29.apríl 2011.

³⁵ Viðtal við skólastjórnendur, 29.apríl 2011.

³⁶ Viðtal við deildarstjóra og sérkennara, 29.apríl 2011.

³⁷ Viðtal við deildarstjóra og sérkennara, 29.apríl 2011.

³⁸ Rýnihópur foreldra, 2.maí 2011.

³⁹ Viðhorfskönnun Mosfellsbæjar 2010.

⁴⁰ Viðtal við skólastjórnendur, 29.apríl 2011.

2.6.2. Umhverfi leikskólans og útileiksvæði

Umhverfi leikskólans er gamalt berjaland, þakið stórum steinum sem börnin njóta að leika sér í. Leiksskólastjóri taldi að ástand lóðar væri mjög gott og væri það vel til þess fallið að vinna að öllum námssviðum aðalnámskrár.⁴¹ Deildarstjórar sögðu að unnið hefði verið í að lagfæra garðinn og honum meðal annars verið skipt upp sem hefði leitt til þessa að auðveldara væri að hafa yfirsýn yfir hann. Fram kom vilji til að fá minni sandkassa í garðinn sem hægt væri að breiða yfir. Einnig kom fram að bæjarfélagið mætti hafa meira samráð við leikskólann varðandi viðhald garðsins og einnig að snjómokstri væri ábótavant. Reglur í garðinum fyrir starfsfólk liggur fyrir.⁴²

2.7. Mat úttektaraðila

- Leikskólinn hefur fylgt hugmyndafræði Dewy frá árinu 1992 og að mati úttektaraðila eru allar deildir að vinna eftir henni. Við endurskoðun á skólanámskrá er leikskólinn hvattur til að tengja hana betur við stefnu bæjarfélagsins.
- Rekstur og stjórnun leikskólans hefur gengið vel. Leikskólinn hefur ávallt staðist rekstraráætlanir, stjórnendamat hefur komið vel út og ánægja foreldra og starfsmanna er með stjórnun. Eftirlit og stuðningur sveitarfélagsins með starfsemi leikskólans er góður og kemur það m.a. fram í stuðningi frá skólafulltrúa, fræðslunefnd og forstöðumanni fræðslu- og menningarsviðs. Fjárhagsáætlun og starfsáætlun er rýnd af bæjarfélaginu.
- Auka má þátttöku deildarstjóra og starfsmanna að starfsáætlun leikskólans. Deildarstjórar eru mjög sjálfstæðir í sínu starfi sem er kostur, en að mati úttektaraðila má hinsvegar samræma betur vinnuferli, upplýsingaflæði til foreldra og allar skráningar um börnin. Stefna leikskólans mætti vera skýrari í þessum efnum. Starfsandinn í leikskólanum er góður en bæta má samheldni og hrós í starfsmannahópnum og auka flæði á milli deilda, en þær eru nokkuð einangraðar.
- Þróunarverkefni í leikskólanum hafa gengið vel og eru að mati úttektaraðila hæfilega mörg. Leikskólinn hefur náð að einbeita sér að hverju verkefni fyrir sig. Húsnæðið styður við stefnu leikskólans, það er rúmgott og heldur vel utan um litla hópa. Lóðin er til fyrirmyndar og öll aðstaða barna og starfsmanna. Leikskólinn má koma skýrari skilaboðum til foreldra varðandi fatnað og hvort þau eigi að taka föt barnanna heim á hverjum degi eða ekki, en þetta skapar óþægindi fyrir foreldra.

⁴¹ Viðtal við skólastjórnendur 29.apríl 2011.

⁴² Viðtal við deildarstjóra 29.apríl 2011.

3. Skólanámskrá leikskóla

Í hverjum leikskóla skal gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum.⁴³

3.1. Skólanámskrá Hlíðar og tengsl við aðalnámskrá

Í skólanámskrá Hlíðar segir að megin ramma alls uppeldisstarfs á leikskólanum sé að finna í aðalnámskrá leikskóla.⁴⁴ Skólanámskráin er frá árinu 2006 og var endurskoðuð árið 2011 af öllu starfsfólki leikskólans, foreldraráði og fræðslunefnd. Að mati fræðslunefndar var ekki lögð mikil áhersla á endurgerð hennar vegna tilkomu nýrrar aðalnámskrár.⁴⁵ Leikskólastjórinn leggur mikla áherslu á að börnunum líði vel og geti þroskast í góðu og öruggu umhverfi. Stefnan er útfærð á hverri deild fyrir sig eftir aldurshópum. Börnin hafa t.d. hlutverk inn á deildum, eru veðurfræðingar, þjónar o.s.frv.⁴⁶

Leikskólinn er ekki með gildi, en markmiðið er að innleiða gildi Mosfellsbæjar inn í daglegt starf á næsta ári.⁴⁷

3.2. Tengsl skólanámskrár við skólustefnu sveitarfélags

Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla og eiga sveitarfélög að bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum sveitarfélags og setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.⁴⁸

Bæjarfélagið er með skólustefnu sem samþykkt var í bæjarstjórn 5. maí 2010. Skólustefna Mosfellsbæjar á að vera leiðarvísir að skipulagi og faglegu uppeldisstarfi í Mosfellsbæ. Hverri stofnun er ætlað að gera grein fyrir þeim leiðum sem farnar eru að markmiðunum í skólanámskrá og jafnframt að taka mið af sérstöðu og faglegum áherslum sem sérhver stofnun byggir á. Skólum ber að móta skólanámskrár í anda heildstæðrar skólustefnu og veita markvissa kynningu og fræðslu um námskrár sínar og aðalnámskrá. Markmið skólustefnunnar er:

- Þekking, leikni og færni í samræmi við íslenska menntastefnu.
- Menntun standist alþjóðlegan samanburð.
- Fjölbreyttir kennsluhættir og skilvirkar aðferðir sem taka mið af aðstæðum.
- Efla félagsþroska og samskiptahæfni einstaklinganna.
- Stuðla að því að gagnkvæm virðing sé ríkjandi í skólasamfélaginu.⁴⁹

Ekki er bein tenging á milli skólustefnu Mosfellsbæjar og skólanámskrá leikskólans. Að sögn fræðslunefndar er markmiðið að tengja þær saman þegar ný aðalnámskrá liggur fyrir.⁵⁰

⁴³ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 4. gr.

⁴⁴ Skólanámskrá Hlíðar, 2011.

⁴⁵ Viðtal við fræðslunefnd 2.maí 2011.

⁴⁶ Viðtal við skólustjórnendur 2.maí 2011.

⁴⁷ Viðtal við skólustjórnendur 2.maí 2011.

⁴⁸ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

⁴⁹ Skólustefna Mosfellsbæjar, 2010.

⁵⁰ Viðtal við fræðslunefnd, 2.maí 2011.

3.3. Áhersla á tiltekna þætti

Í skólanámskrá segir að áhersla sé lögð á skapandi starf og hugsun, listir og listmenningu, eflingu sjálfstrausts, sjálfsbjargarviðleitni, þor og ábyrgðarkennd. Þetta er gert með því að hafa fjölbreyttan efnivið í boði, uppákomur og nýta tækifærin sem upp koma í leikskólastarfinu.⁵¹ Að sögn stjórnenda er þetta gert í daglegu starfi.⁵²

3.4. Hugmyndafræði

Eins og áður er komið fram byggir hugmyndafræði leikskólans á kenningum John Dewey. Um kenningu Deweys segir í skólanámskrá að megin innihald hennar sé, að börn læri og þroskist með því að fást við umhverfið á eigin forsendum og að það bæti við þekkingu sína með eigin uppgötunum.⁵³ Hugmyndafræðin var innleidd þegar ákveðið var að vinna með einingakubbana árið 1992. Átján starfsmenn leikskólans fóru í námsferð til New York árið 2008 og skoðuðu m.a. Bank Street leikskólann sem hefur sérhæft sig í einingakubbum. Markmiðið með ferðinni var að hleypa nýjum krafti í kubbastarfið.⁵⁴ Einnig nefndu deildarstjórar að Jónína Tryggvadóttir (1938-2001) hefði verið áhrifavaldur í þessu sambandi þar sem kennarar hefðu farið á námskeið hjá henni um einingarkubbana.

Aðspurðir um hvernig unnið væri að því að ná fram markmiðum leikskólans sögðu deildarstjórar að það væri gert með því að hafa ákveðið dagskipulag sem væri útfært miðað við aldur barnanna á hverri deild fyrir sig. Einnig nefndu þeir hópastarf, hafa reglu á hlutunum, koma vel fram við hvort annað og aga.⁵⁵

3.5. Sérstakar námskrár og sérstaða skólans

Námskrár geta verið mismunandi eftir því hvort gera á grein fyrir starfinu í heild eða einstökum þáttum þess. Leikskóli getur því einnig sett sér námskrár sem fjalla um afmarkaða þætti í leikskólastarfinu og skal kynna þær á sama hátt og skólanámskrána.⁵⁶

Ekki er til staðar sérstakar námskrár sem ná yfir afmarkaða þætti í leikskólastarfinu en gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með sérþarfir. Sérstaða leikskólans að mati skólastjórnenda eru einingakubbar Unit Blocks og stærri kubbar sem eru kallaðir holu-kubbar Hollow Blocks og áhersla á listir og menningu. Kubbastarfið var metið árið 2010. Markmið var að meta hvernig leikskólanum tækist að vinna að þeim markmiðum sem sett eru fram í námskrá skólans. Í henni stendur að eitt aðalleikefni skólans séu kubbar. Með þessu sjálfsmati vill skólinn gera kubbastarfið sýnilegt, draga fram það sem vel er gert og það sem betur má fara. Sérkennari og aðstoðarleikskólastjóri meta starfið og þær matsaðferðir sem notaðar voru er þátttökuathugun, rýnihópsviðtöl við börnin og starfsfólk og ljósmyndarannsókn. Ástæða matsins var að niðurstöður sjálfsmats leikskólans árið 2009

⁵¹ Skólanámskrá Hlíðar, 2011.

⁵² Rýnihópur deildarstjóra og sérkennara, 29.apríl 2011

⁵³ Skólanámskrá Hlíðar, 2011.

⁵⁴ Tölvupóstur frá leikskólastjóra vegna mats, 26.maí 2011.

⁵⁵ Viðtal við deildarstjóra og sérkennara, 29.apríl 2011.

⁵⁶ Aðalnámskrá leikskóla 1999:37.

kom fram í rýniviðtal við starfsfólki að kubbornir væru ekki aðalleikefni leikskólans og ekki unnið eins markvisst með þetta leikefni og áður. Starfsfólk óskar eftir frekari fræðslu um kubbanu svo nýtt starfsfólk sé með á nótunum.⁵⁷ Að sögn leikskólastjóra hefur verið reynt að koma til móts við þessar óskir starfsmanna með fræðslu, námskeiðum og kynningum og því verði haldið áfram.⁵⁸

Deildarstjórar nefndu einnig að húsnæðið væri ákveðin sérstaða, þ.e. lítil rými og litlar deildir.⁵⁹

3.6. Þátttaka og áhrif

Skólanámskrá var útbúin árið 2006 og endurgerð árið 2011 með þátttöku allra starfsmanna, foreldraráðs og fræðslunefndar.⁶⁰ Fagleg umræða um stefnu leikskólans fer óformlega fram í leikskólanum á deildarfundum og á starfsmannafundum.⁶¹

Árið 2010 var ákveðið að meta tengsl milli skólanámskrár og framkvæmdar. Rýnihópur leiðbeinenda frá öllum deildum leikskólans fjölluðu um málefnið. Stuðst var við svör úr foreldrakönnun frá mars 2010. Helstu niðurstöður voru þær að í svari um faglegt starf í leikskólanum telja 29% foreldra að það sé „hvorki né” eða „lítið sýnilegt”. Almennt var starfsfólk ekki meðvitað um stefnu og hugmyndafræði leikskólans, en þegar lesið var upp úr námskránni voru allir sammála um að verið væri að vinna eftir henni í meginráttum. Deildirnar hafa þó tileinkað sér ákveðið frjálrsræði til að útfæra hana.

Sem dæmi um þátttöku og áhrif starfsmanna þá voru kubbornir færðir í listaskála og ráðinn var starfsmaður sem sér um hreyfistundir í sal.

3.7. Tengsl skólastiga

Mikilvægt er að samstarf sé á milli leikskóla og grunnskóla til að stuðla að samfellu í uppeldi og menntun barnsins og að það upplífi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum.⁶²

Leikskólinn hefur tekið þátt í tveimur þróunarverkefnum sem snýr að tengsl skólastiga. Fyrri verkefnið er samstarfsverkefnið *Brúum bilið*. Markmiðið með verkefninu er að auðvelda börnum í Mosfellsbæ flutning frá leikskóla yfir í grunnskóla. Seinna verkefnið er þróunarverkefni sem felst í því að börnin í leikskólanum fara reglulegu í Varmárskóla, ásamt starfsmanni leikskólans, viku í senn. Markmiðið er að börnin aðlagist og læri að þekkja reglur skólasamfélagsins þannig að þau séu örugg þegar þau hefja nám í grunnskólanum. Börnin taka þátt í smiðjum með fyrsta og öðrum bekk og vinna verkefni sem tengjast ýmsum námsgreinum.⁶³ Að mati skólastjórnenda og fræðslunefndar hafa þessi verkefni tekist vel.⁶⁴

⁵⁷ Skýrsla frá leikskólanum Hlíð um innra mat starfsins, 27.apríl 2010

⁵⁸ Tölvupóstur frá leikskólastjóra vegna mats, 26.mai 2011.

⁵⁹ Viðtal við skólastjórnendur og deildarstjóra, 29.apríl 2011.

⁶⁰ Skólanámskrá Hlíðar, 2011.

⁶¹ Viðtal við deildarstjóra og sérkennara og starfsmenn, 29.apríl 2011.

⁶² Aðalnámskrá leikskóla 1999:33

⁶³ Skólanámskrá Hlíðar, 2011 og viðtal við skólastjórnendur 2.mai 2011.

⁶⁴ Viðtal við skólastjórnenda og fræðslunefndar, 2.mai 2011.

3.8. Mat úttektaraðila

- Skólanámskráin var endurskoðuð árið 2011, en að mati úttektaraðila vantar meiri samræmingu í hana. Hún ber þess merki að hún hafi verið unnin af hverri deild fyrir sig, en ekki af stýrihópi starfsmanna og sett þannig saman. Það er mat úttektaraðila að þetta lýsi því sem kom fram í viðtölum að ekki er mikið flæði á milli deilda varðandi verkefni ofl., heldur er hver deild mjög sjálfstæð. Hún þyrfti að vera skýrari og þar ætti að koma fram markmið og leiðir. Of mikið er af praktískum upplýsingum fyrir deildirnar sem mætti færa inn í starfsmannahandbók eða deildarhandbækur.
- Úttektaraðilar hvetja leikskólann til að endurskoða skólanámskrána þegar ný aðalnámskrá liggur fyrir, einfalda hana og gera hana stefnumiðaðri og tengja hana skólastefnu Mosfellsbæjar.
- Það þarf jafnframt að fræða starfsfólk betur í hugmyndafræði og stefnu leikskólans.

4. Námssvið og námsþættir aðalnámskrár

*Námssvið leikskóla eru áhersluþættir í leikskólauppeldi. Þau eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag.*⁶⁵

Í skólanámskrá er fjallað um námssviðin hreyfingu, tónlist og myndsköpun. Um aðra þætti tengda námssviðum leikskóla er fjallað í kaflanum um *fastar athafnir/daglegt líf*. Að mati starfsmanna og foreldra er verið að vinna með öll námssviðin sem koma fram í aðalnámskrá.⁶⁶

Námsmarkmið Hlíðar eru:

- Að efla skapandi og gagnrýna hugsun barnanna.
- Að efla sjálfbjargarviðleitni þeirra.
- Að styrkja sjálfstraust, kjark og þor.
- Að efla ábyrgðarkennd barnanna gagnvart samborgurum sínum og umhverfi.
- Að börnin læri aga og reglur í samskiptum.

Að mati skólastjórnenda og deildarstjóra er námsmarkmiðum fléttað inn í daglegt líf barnanna inn á deildum, en ekki eru sérstök verkefni tengd námsmarkmiðum. Þeir telja að unnið með alla þroskaþætti sem fram koma í aðalnámskrá í gegnum daglegt starf. Mikið er lagt upp úr kærleika og að börnin viti af starfsmönnum og að þeim þyki vænt um þau.⁶⁷

⁶⁵ Aðalnámskrá leikskóla 1999.:19.

⁶⁶ Rýnihópur foreldra og starfsmanna, 2.maí 2011.

⁶⁷ Viðtöl við skólastjórnendur og deildarstjóra 2.maí 2011.

Ekki er haldið utan um skráningu á faglegu starfi sem fram fer í leikskólanum í heild. Einstakar deildir skrá færni og fylla út þroskamat barna. Er það á ábyrgð hvers deildarstjóra fyrir sig, en skráningin er ekki samræmd fyrir leikskólann í heild.⁶⁸

4.1. Hreyfing

*Í leikskóla ber því að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi.*⁶⁹

Í skólanámskrá segir að mikilvægt sé að koma til móts við hreyfiþörf barna, efla hreyfiþroska sem undirstöðu alhliða þroska auk líkamsvitundar og stuðla þannig að vellíðan og hreyfigleði þeirra og styrk. Stefna leikskólans um hreyfiuppeldi er að börnin fái tækifæri og góð skilyrði fyrir vel skipulagða og fjölbreytta hreyfingu. Allar deildir hafa aðgang að sal einu sinni í viku.

Markmið hreyfistunda í sal og eru:

- Að börnin öðlist meiri líkamsvitund, þor og þol.
- Að þjálfja jafnvægi og einbeitingu.
- Að þjálfja samhæfingu líkamans.
- Að þjálfja hugtakaskilning.
- Að efla sjálfstraust og gefa jákvæða styrkingu.
- Að efla frumkvæði barnanna.
- Að efla tillitssemi, samvinnu og að börnin finni fyrir öryggi.

Einnig segir í skólanámskrá að alhliða útivist í leikskólanum sé mikilvægur þáttur í hreyfingu barnanna og klettarnir og gönguferðir um bæinn bjóði uppá margt spennandi til að efla kjark þeirra og þol. Lögð er áhersla á að börnin fái að vera úti part úr degi þegar veður leyfir. Í skólanámskrá koma einnig fram markmið með útiveru. Þau eru að mestu þau sömu og með hreyfingu nema við bætist markmið um að börnin kynnist nánasta umhverfi og náttúrunni á hverjum tíma og leiki sér saman.⁷⁰ Íþróttfræðingur skipuleggur hreyfistundir í sal fyrir öll börn í leikskólanum og fylgist hann einnig með hreyfiþroska þeirra. Jafnframt er farið vikulega í gönguferðir og danskennslu er einu sinni í viku, í sex vikur á haustin.⁷¹

4.2. Málrækt

*...því ber að leggja áherslu á málrækt: í samtöllum, með krefjandi spurningum, með því að lesa fyrir barnið, segja því sögur og kenna því kvæði og þulur. Einnig skal hvetja barn til að spyrja, segja frá og hlusta með athygli.*⁷²

Markvisst er unnið með málörvun allan daginn, með því að leggja orð á athafnir, söngstundir, sögustundir og annað í þeim dúr. Á elstu deildunum er meira unnið með málörvun er tengist læsi.⁷³ Sögustund er einu sinni á dag og eru þær notaðar til að örva orðaforða og efla málrækt barnanna. Áhersla er lög á að hafa söguformið fjölbreytt og að söguefnið hæfi aldri og þroska barnanna. Samverustundir aðrar en morgunfundur eru nokkru sinnum yfir daginn

⁶⁸ Viðtöl við skólastjórnendur og deildarstjóra 2.maí 2011.

⁶⁹ Aðalnámskrá leikskóla 1999.

⁷⁰ Skólanámskrá Hlíðar, 2011.

⁷¹ Rýnihópur starfsmanna 2.maí 2011.

⁷² Aðalnámskrá leikskóla 1999:20.

⁷³ Tölvupóstur frá leikskólastjóra vegna mats, 26.maí 2011.

og þá er m.a. sungið, lesin saga, farið í leiki og spjallað.⁷⁴ Starfsmenn nefndu að unnið væri markvisst með málörvun, t.d. með því að tengja orð og rím og farið væri í hreyfileiki og farið með þulur.⁷⁵ Ritmál eru mjög sýnilegt á veggjum deildanna, t.d. eru myndir af öllum stöfum í stafrófinu og helstu orð úr dagsskipulagi. Dæmi um formleg verkefni í tengslum við málrækt er *Markviss málörvun* og *PALS*. Að mati foreldra er sýnilegur árangur af þessum verkefnum hjá börnunum.⁷⁶

4.3. Myndsköpun

*Leikskóla ber að sjá börnum fyrir fjölbreyttum efnivið til myndsköpunar og leiðbeina og örva til sjálfstæðra verka.*⁷⁷

Í skólanámskrá segir að það sé vilji að börnin fái tækifæri og góð skilyrði til listrænnar tjáningar og fjölbreytni í efnivið. Börnum er kennd ákveðin færni í meðferð áhalda og efniviðar. Mest er um frjálsa listsköpun að ræða og er lögð rík áhersla á frumkvæði, gleði og öryggi í sköpun og tjáningu. Í skólanámskrá segir jafnframt að sú færni sem börnin öðlast við skapandi myndmótun efli sjálfstraust og styrki jákvæða sjálfsmynd. Vinna með leir efli fínhreyfingar barna og samhæfingu augna og handa. Einnig er vilji til að börnin finni andlega vellíðan, gleði og ánægju af að sinna listsköpun.⁷⁸ Deildarstjórar sögðu að allar deildir hefðu sinn dag í listaskála en að listsköpunin hefði færst inn á deildir.⁷⁹ Þar er mikil áhersla lögð á myndsköpun, börnin læra að þæfa ull, teikna sjálfsmyndir og fjölskyldur sínar og unnið er með pappamassa.⁸⁰

Í viðtölum við foreldra kom fram mikil ánægja með myndlist og listræna sköpun og nefndu sérstaklega starfsmenn væru hugmyndaríkir og vektu áhuga hjá börnunum á listsköpun.⁸¹ Við vettvangsathugun kom í ljós að fjölbreytt myndsköpun er í leikskólanum og voru myndverk barnanna sýnileg á veggjum.⁸²

4.4. Tónlist

*Leggja ber áherslu á að öll börn í leikskóla fái ríkuleg tækifæri til að njóta tónlistar og iðka hana.*⁸³

Í skólanámskrá segir að tónlist sé mikilvæg fyrir alhliða þroska barnanna og að í söng og tónlist eru tilfinningar tjáðar og túlkaðar. Í tónlistarstundum er æfð hlustun/ eftirtekt/ veikt/ sterkt/ og þannig sé heyrn og athygli þjálfuð. Börnin þjálfast einnig í að vera saman í hóp og framkvæma, að hlusta og að fara eftir fyrirmælum.⁸⁴ Daglega er sungið inn á deildum. Afmælissöngvar barnanna eru ávallt sungnir og söngur hljómar oft á morgunsstundum. Alla

⁷⁴ Skólanámskrá. Leikskólinn Hlíð 2011.

⁷⁵ Rýnihópur starfsmanna 2.mai 2011.

⁷⁶ Rýnihópur foreldra 2.mai 2011.

⁷⁷ Aðalnámskrá leikskóla 1999:45.

⁷⁸ Skólanámskrá Hlíðar 2011.

⁷⁹ Viðtal við deildarstjóra og sérkennara, 29.apríl 2011.

⁸⁰ Viðtöl við starfsmenn, 2.mai 2011.

⁸¹ Rýnihópur foreldra, 2.mai 2011.

⁸² Vettvangsathugun, 29.apríl og 2.mai 2011.

⁸³ Aðalnámskrá leikskóla 1999:24

⁸⁴ Skólanámskrá. Hlíð 2011.

föstudaga koma börnin saman á sal og syngja. Að sögn starfsmanna eru hljóðfæri notuð í hópastarfi.⁸⁵

Samvinna er á milli Listaskóla Mosfellsbæjar, tónlistardeildar og leikskólans. Samvinnan er talin mikilvæg leið til að kynna enn frekar önnur hljóðfæri en þau sem til eru í leikskólanum. Samvinnan er aðallega fólgin í gagnkvæmum heimsóknum. Deildarstjórar sögðu að farið væri tvisvar yfir veturinn í heimsókn í tónlistarskólann og nemendur þaðan kæmu í leikskólann og spiluðu fyrir börnin. Einnig sjá þeir um að spila undir söng barnanna í leikskólanum í tengslum við menningarviku leikskóla Mosfellsbæjar.⁸⁶

4.5. Náttúra og umhverfi

*Barn þarf að kynna fjölbreytileika náttúrunnar, komast í lifandi tengsl við hana og njóta hennar....Í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess. ...Einnig er ákjósanlegt að skapa tækifæri og aðstöðu í leikskóla til tilrauna og athugana barna.*⁸⁷

Ekki er sérstakur kafli í skólanámskrá um náttúru og umhverfi en fjallað er um þætti sem tengjast því námssviði í köflum um *Gönguferðir, Tilraunir og náttúruskoðun og Samfélagið sem við búum í*. Ekki koma fram markmið og leiðir í tengslum við námssviðin náttúru og umhverfi en í fyrrnefndum köflum er lýsing á því sem gert er.

Í kaflanum *Gönguferðir* segir að stutt sé að ganga uppá fellin sem umlykja Mosfellsbæ og í fjöruna. Þetta er óspart nýtt og fara flestar deildar í gönguferð a.m.k. einu sinni í viku. Með því telja starfsmenn að börnin öðlist þekkingu og reynslu á nánasta umhverfi sínu. Húsin í bænum eru skoðuð og jafnvel farið í heimsókn í fyrirtæki. Í kaflanum *Tilraunir/náttúruskoðun* segir að margt sé gert til að kveikja frekari áhuga barnanna á dýralífinu í kringum leikskólann og náttúrunni t.d. gefa smáfuglunum, hröfnunum og skoða skordýrin. Sjávar-, og skordýr eru skoðuð í smásjá. Fjöru-, og gönguferðir eru nýttar til náttúruskoðana og oft eru laufblöð, blóm og skordýr tekin heim á leikskólann til frekari rannsókna. Í kaflanum *Samfélagið sem við búum í* segir að börn þurfa að fá að upplifa náttúruna, komast í lifandi tengsl við hana og njóta hennar sér til yndisauka. Þau þurfa að öðlast þekkingu á náttúrunni í samræmi við þroska sinn og skilning. Í kafla um stefnu leikskólans kemur fram að lögð sé áhersla á umhverfismennt, flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu.⁸⁸ Deildarstjórar sögðu að nánasta umhverfi leikskólans væri m.a. nýtt til að fara í berjamó, niður í fjöru og nánasta umhverfi hans gæfi tilefni til að fara í fjölbreyttar gönguferðir. Elstu börnin fara í ratleiki í nánasta umhverfi leikskólans. Hann hefur aðgang að fuglaskoðunarhúsi sem er mikið notað. Farið er í göngutúra heim til barnanna til að þau kynni sína nánasta umhverfi og viti hvar börnin eiga heima.⁸⁹

⁸⁵ Rýnihópur starfsmanna, 2.maí 2011.

⁸⁶ Viðtal við deildarstjóra og sérkennara, 29.apríl 2011.

⁸⁷ Aðalnámskrá leikskóla 1999:26 27.

⁸⁸ Skólanámskrá. Hlið 2011.

⁸⁹ Viðtal við deildarstjóra og sérkennara, 29.apríl 2011.

4.6. Menning og samfélag

*Leikskóla ber að nýta þau menningarlegu og félagslegu tækifæri sem umhverfi hans og staðsetning gefur kost á... Ýmsa atburði líðandi stundar ber að taka til umfjöllunar á leikskólum með ýmsum hætti...Leikskólanum ber að rækta virðingu barnanna fyrir öðrum, hver sem uppruni þeirra, lífsviðhorf, tunga og trúarbrögð er... Barn í leikskóla þarf að kynnst tölvu og læra að nota hana á sinn hátt... Tölvur skulu því vera til í leikskólum...*⁹⁰

Fjallað er um samfélagið í skólanámskrá. Þar segir að börnin þurfi að kynnst samfélaginu á sem eðlilegastan hátt og vera í tengslum við nánasta umhverfi sitt og menningu þess. Farið er í heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir bæjarins og á bókasafnið. Árlega er farið með elstu börnin í leikskólanum í heimsókn að Gljúfrasteini–Húsi skáldsins. Í skólanámskrá segir að mikilvægt sé að börnin kynnist og læri um íslenskt þjóðlíf og hefðir, hátíðir, hátíðisdaga, þjóðlög, þjóðsögur og ævintýri. Einnig segir að mikilvægt sé að börnin kynnist lífi og menningu annarra þjóða og þjóðflokka, þetta er gert með því að segja börnunum sögur, sýna þeim myndir og syngja með þeim söngva frá öðrum löndum. Börnin læra þannig að hver þjóð hefur sín sérkenni og sína sérstæðu menningu sem ber að meta og virða.⁹¹ Á jólum er farið í kirkju og elstu börnin fara á Sinfóníutónleika og á leikrit.⁹² Í námskrá segir að um leið og börnin fræðast um samfélagið og koma með sínar hugmyndir og upplifanir í umræðuna sé komið gott tækifæri til málrættar.⁹³ Fram kemur í skólanámskrá að leikskólinn eigi tölvu. Tölvur eru ekki inn á deildum, heldur í sér rými.⁹⁴

4.7. Mat úttektaraðila

- Skv. skólanámskrá og dagskipulagi uppfyllir leikskólinn kröfur aðalnámskrár um áherslupætti námssviða í leikskólauppeldi. Umhverfið styður mjög vel við stefnu leikskólans og náíð samstarf er við stofnanir bæjarfélagsins sem hefur að mati úttektaraðila jákvæð áhrif á innra starf leikskólans.
- Ekki fer fram samræmd skráning á faglegu starfi. Deildirnar eru mjög sjálfstæðar hvað varðar skráningu og er það mat úttektaraðila að marka ætti stefnu leikskólans varðandi hana. Einnig væri kostur að flæði væri á upplýsingum um börnin á milli deilda t.d. með skilaviðtali.
- Að mati úttektaraðila verður að tryggja að öll börn hafi aðgang að tölvum, en í samtölum við börn og starfsmenn kom fram að svo væri ekki mikið.

⁹⁰ Aðalnámskrá leikskóla 1999: 27-29.

⁹¹ Skólanámskrá. Leikskólinn Hlíð 2011.

⁹² Rýnihópur starfsmanna, 2.mái 2011.

⁹³ Skólanámskrá. Leikskólinn Hlíð 2011.

⁹⁴ Viðtöl við starfsmenn 2.mái 2011.

5. Dagskipulag og innra starf á leikskólanum

Í dagskipulagi leikskólustarfs þarf að ríkja jafnvægi á milli mismunandi þátta, á milli frjálsra og skipulagðra leikja, innleikja og útleikja, á milli félagslegra samskipta og einstaklingsverkefna og á milli hvíldar og þátttöku í leik og starfi. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa leikskólustarfinu festu og tryggja hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.⁹⁵

5.1. Uppeldi og kennsla – dagskipulag á leikskólanum

Í stefnu leikskólans segir að dagskipulagið og skýrar reglur fela í sér ákveðin aga sem veitir barninu öryggiskennd í leik og starfi. Hver deild er með sitt dagskipulag sem byggir á grunn dagskipulagi leikskólans:

- kl. 07:30 Leikskólinn opnar á Esjuhlíð, róleg stund
- kl. 08:30 Morgunmatur
- kl. 09:00 Morgunfundur
- kl. 09:15 Leikstund/val/hópar/útivera
- kl. 11:45 Hádegismatur og hvíld
- kl. 13:15 Leikstund val/hópar/útivera
- kl. 14:45 Nónhressing
- kl. 15:30 Róleg stund
- kl. 17:00 Leikskólinn lokar.

Í tengslum við dagskipulagið segir í kafla um hópatíma að það sé misjafnt eftir aldri barnanna hve oft á dag eða viku hópastarf er í dagskipulagi deildanna. Einnig segir í tengslum við leikinn að skipulag deildanna verði að vera sveigjanlegt til að frjálsi leikurinn fái að blómstra.⁹⁶ Dagskipulagið er að finna á heimsíðu leikskólans og á hverri deild. Foreldrar eru meðvitaðir um það og hrósuðu sérstaklega Hamrahlíð fyrir mjög myndræna framsetningu og gott upplýsingaflæði til foreldra. Þeir óskuðu eftir að aðrar deildir tækju sér þá deild til fyrirmyndar hvað þetta varðar. Foreldrar nefndu jafnframt í viðtölum að það væri misjafnt á milli deilda hversu mikið börnin færu í útiveru og væri hún oft ekki í samræmi við dagskipulagið. Þeir óskuðu eftir að börnin færu sem oftast út samkvæmt dagskipulagi leikskólans.⁹⁷

⁹⁵ Aðalnámskrá leikskóla 1999:17

⁹⁶ Skólanámskrá. Hlíð 2011.

⁹⁷ Rýnihópur foreldra, 2.maí 2011.

5.2. Hópatímar

Barn þarf að læra að leika sér og starfa í hópi sem það tilheyrir. Í hópleikjum öðlast barn skilning á gildi samvinnu og þroskar með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu.⁹⁸

Í hópastarfi er lögð áhersla á að æfa samskipti, félagsfærni og að allir fái tækifæri til að leggja sitt af mörkum og sitt til málanna í verkefninu sem unnið er að. Hópastarfið er samkvæmt skólanámskrá fjölbreytt og viðfangsefnið mörög s.s. með einingarkubba, í myndlist, spilum, leir, hreyfingu, dans og tónlist. Elstu börn leikskólans eru í skólahóp.⁹⁹

Dæmi um hópavinnu er að barnahópnum er skipt í þrjá hópa. Þau fara í einingarkubba, spila og leikræna tjáningu. Hópavinnan er látin rúlla í þrjár vikur í senn. Valtímar eru í boði. Börnin fá valspjöld og geta valið fjögur svæði. Valtímar eru skráðir á eldri deildum.¹⁰⁰

5.3. Leikurinn

Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barns.¹⁰¹

Í stefnu leikskólans kemur fram að börn læri best í gegnum leik og að þeim hafi verið búið leikumhverfi sem sé skapandi og gefi þeim möguleika á að leika sér á þann hátt sem hentar hverju sinni. Í leikskólanum er lögð mikil áhersla á frjálsa leikinn og er vilji til að hann umvefji starfið. Einnig segir í námskrá að í frjálsum leik séu mikilvægir uppeldiskostir sem efla alhliða þroska barnanna. Þau þjálfast í að leika sér ein og saman, útkljá málin ef eitthvað kemur uppá, ganga frá eftir sig o.fl. Sérstaklega er fjallað um hlutverka- og ímyndunarleik í námskrá og segir að hann endurspegli reynsluheim barnanna og um leið hluta af þeirri menningu og samfélagi sem þau búa við.¹⁰² Í viðtali við deildarstjóra kom fram að ástæða þess að sérstaklega væri fjallað um hlutverka- og ímyndunarleik í námskrá væri að áhersla væri lögð á vinnu með kubba í leikskólanum og þetta form af leik færi fram í tenglum við þá. Í febrúar 2011 var ákveðið að færa holukubba inn í listaskála og hefur ýmislegt breyst eftir það. Þar fer fram hlutverka og ímyndunarleikur. Könnunarleikur fer fram hjá yngstu börnunum í hópatímum.¹⁰³

5.4. Leikefni og efniviður

Börn þurfa vandaðan og fjölbreyttan leikfangakost og margvíslegan efnivið til skapandi starfa.¹⁰⁴

Stefna leikskólans er að vera með opinn efnivið sem örvar hugmyndarflug og eykur hæfileikann til sköpunar. Kubbar eru aðal leikefni leikskólans, eininga- og holukubbar. Listmenning skipar einnig stóran sess í leikskólanum þar sem unnið er með hvers kyns pappír, skriffæri, liti, leir og verðlaust efni.¹⁰⁵ Deildarstjórar sögðu að lögð væri áhersla á opin efnivið s.s. vatn, sand og kubba. Þeir töldu nægilega mikið væri til af leikefni og efnivið í

⁹⁸ Aðalnámskrá leikskóla 1999:14.

⁹⁹ Skólanámskrá. Hlíð 2011.

¹⁰⁰ Viðtal við deildarstjóra og sérkennara 29.apríl 2011.

¹⁰¹ Aðalnámskrá leikskóla 1999:11.

¹⁰² Skólanámskrá. Hlíð 2011.

¹⁰³ Viðtal við deildarstjóra og sérkennara, 29.apríl 2011.

¹⁰⁴ Aðalnámskrá leikskóla 1999:13.

¹⁰⁵ Skólanámskrá. Hlíð 2011.

leikskólanum og jafnvel að of mikið væri til af sumu.¹⁰⁶ Að mati skólastjórnenda hafa börnin áhrif er kemur að vali og leikefni.¹⁰⁷

Við vettvangsathugun kom í ljós að leikskólinn er vel búin af fjölbreyttu leikefni og efnivið til skapandi starfs. Leikefni er þannig komið fyrir að börnin eiga auðvelt með að nálgast það og ganga frá sjálf. Í sal var gott úrval af tækjum til hreyfileikja og í listaskála var fjölbreytt úrval að efnivið til skapandi starfs. Gott bókasafn er í leikskólanum. Einingarkubbar eru á öllum deildum og Holu kubbar inn á yngri deildum og í sameignlegu rými.

5.5. Mat úttektaraðila

- Jafnvægi virðist ríkja á milli mismunandi þátta í dagskipulagi. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa leikskólastarfinu festu og tryggir hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs. Úttektaraðilar hvetja leikskólann að rýna betur í hvernig hver deild vinnur eftir dagsskipulagi, en að mati foreldra er t.d. ekki alltaf farið í útiveru.
- Boðið er upp á fjölbreytt val og frjálsan leik og mikil áhersla er lögð á skapandi efnivið og verðlaust efni.
- Samræma má upplýsingar til foreldra varðandi dagsskipulagið. Ein deild heldur mjög nákvæma skráningu yfir það, setur bækurnar sem eru lesnar yfir daginn í fataklefa og upplýsir foreldra mjög vel hvernig dagurinn gengur fyrir sig. Upplýsingar frá þessari deild voru jafnframt ítarlegri en hjá öðrum deildum á heimasíðu leikskólans. Það er mat úttektaraðila að samræma megi betur þessar upplýsingar og nýta styrkleika starfsmanna. Foreldrar óskuðu sérstaklega eftir sambærilegu upplýsingaflæði frá öðrum deildum.

6. Innra mat

*Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.*¹⁰⁸

Í tengslum við lög um leikskóla frá árinu 2008 ákvað skólaskrifstofa Mosfellsbæjar að setja saman stýrihóp um mat á leikskólastarfi. Markmiðið var að móta leiðir til að meta starfið. Verkefnisstjóri var ráðin, matsfræðingur, og sátu fulltrúar frá öllum leikskólunum, leikskóladeildum og skólaskrifstofu Mosfellsbæjar í stýrihópnum. Í leikskólanum Hlíð var ákveðið að kanna annars vegar tengsl starfsins við það sem stendur í skólanámskrá og hinsvegar voru samskipti barna og starfsfólks metin. Niðurstöður liggja fyrir og hafa verið kynntar innan leikskólans.¹⁰⁹

¹⁰⁶ Viðtal við deildarstjóra og sérkennara, 29.apríl 2011.

¹⁰⁷ Viðtal við skólastjórnendur, 2.maí 2011.

¹⁰⁸ Lög um leikskóla 90/2008, 18. gr.

¹⁰⁹ Ársskýrsla leikskólans Hlíðar, 2009-2010.

Samkvæmt aðalnámskrá á sjálfsmat að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert. Matsþættir skulu vera börn, starfsfólk, samskipti, líðan, leikur, leikskólastarf, námssvið leikskóla, skólanámskrárgerð, stjórnunarhættir, samskipti og tengsl utan leikskólans, samstarfsverkefni og þróunarstarf, húsnæði og lóð útileiksvæðis og búnaður, samstarf heimilis og leikskóla.¹¹⁰ Að mati leikskólastjóra liggur ekki fyrir heildar sjálfsmatsskýrsla sem tekur á öllum þessum þáttum, en verið er að vinna með einstaka þætti. Ecers kvarðinn var á sínum tíma notaður í leikskólanum, en ekki í dag.¹¹¹

Framkvæmdar eru kannanir meðal foreldra og starfsmanna á vegum Mosfellsbæjar annað hvert ár. Einnig hafa stjórnendur farið í stjórnendamati á vegum bæjarins. Mannauðsstjóri bæjarins hefur kynnt niðurstöður fyrir starfsfólki. Fræðslunefnd óskar eftir aðgerðaráætlun í kjölfar niðurstaðna hjá öllum leikskólum bæjarfélagsins, en ekki liggja aðgerðir fyrir hjá leikskólanum.¹¹² Helstu niðurstöður úr foreldrakönnun liggja fyrir á heimasíðu leikskólans.

Samkvæmt skólanámskrá eru ýmis matstæki notuð fyrir börnin t.d. íslenski þroskalistinn. HLJÓM 2 próf er gert á öllum fimm ára börnum, Orðaskil sem er málþroskapróf og einnig eru atferlisathuganir gerðar með því að fylltir eru út athugunarlistar til að fylgjast með þroska barnanna og samskiptum í leik og starfi.¹¹³

6.1. Mat úttektaraðila

- Mikilvægt er að unnið verði að sjálfsmatsskýrslu fyrir leikskólann þar sem tekið verður á þeim þáttum sem fram koma í aðalnámskrá.
- Meta þarf líðan barnanna.
- Útbúa þarf skýrari aðgerðaráætlun í kjölfar niðurstaðna úr þeim könnunum sem liggja fyrir, s.s. úr foreldrakönnun, starfsmannakönnun og stjórnendamati.

¹¹⁰ Aðalnámskrá leikskóla 1999.

¹¹¹ Viðtal við skólastjórnendur 2.mai 2011.

¹¹² Viðtal við fræðslunefnd 2.mai 2011.

¹¹³ Skólanámskrá. Leikskólinn Hlíð 2011.

7. Mannauður

7.1 Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun

Sveitarstjórn eða annar rekstaraðili tekur ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmanna-hópsins í samráði við leikskólastjóra. Ákvörðunin skal byggjast á mati og tillögum leikskólastjóra og miðast við aldur, þarfir og fjölda barna.¹¹⁴

Í leikskólanum starfa 29 konur í 24 stöðugildum. Hlutfall leikskólakennara er 55%, hlutfall leiðbeinanda er 38%, hlutfall í ræstingu er 10% og 7% í eldhúsi. Fjöldi barna er 98 á sex deildum. Í viðauka 1 má sjá fjölda barna á deild. Einhver hreyfing hefur verið á börnum og sum hætt um mitt ár og flutt í önnur bæjarfélög. Að sögn leikskólastjóra hefur leikskólinn ekki verið undirmannaður, en nokkuð hefur verið um veikindi.¹¹⁵ Sérkennari er starfandi við leikskólann í 50% starfi. Í Hlíð bárum við saman hlutfall leikskólakennara við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, þar er hlutfall leikskólakennara 34% og í Reykjavík 31%.¹¹⁶

Allir stjórnendur og deildarstjórar eru leikskólakennarar, en ekki eru fleiri fagmenntaðir í leikskólanum. Starfsmenn hafa nokkuð fjölbreytta menntun, s.s. táknafræði, myndlist, nuddfræði, grunnskólakennslu, uppeldisfræði o.fl, sjá viðauka 2.

7.2. Verkaskipting og starfslýsingar

Starfslýsingar er til fyrir allt starfsfólk leikskólans. Þær lýsa ábyrgð þeirra en ekki verkefnum. Að mati deildarstjóra og starfsmanna er verkaskipting skýr. Foreldrar sögðu að skipulagið væri gott og þeir væru upplýstir um verkaskiptingu starfsmanna.¹¹⁷ Að sögn deildarstjóra er ákveðið skipulag látið rúlla eftir vikum á flestum deildum. Verkefnum er þá skipt á milli starfsmanna, t.d. á útiveru, fataklefa, söng, mat, hvíld, klósettferðum, þrifum o.s.frv. Niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna árið 2010 sýna að allir starfsmenn vita til hvers er ætlast til af þeim í starfi. Það skal þó tekið fram að svarhlutfall var 45%.¹¹⁸

7.3. Starfsþjálfun og símenntun

Til eru verklagsreglur um móttöku nýrra starfsmanna í starfsmannahandbók. Leikskólastjóri ber ábyrgð á ráðningu nýs starfsmanns og sér um að kynna nýju starfsfólki leikskólann. Deildarstjóri ber ábyrgð á þjálfun hans. Leiðbeiningarviðtal fer fram eftir þörfum og aldrei sjaldar en einu sinni í mánuði fyrstu sex mánuði í starfi. Nýr starfsmaður er undir handleiðslu ákveðins starfsmanns fyrstu þrjá til fimm dagana og fær kennslu í helstu þáttum starfseminnar, t.d. í sal, í söngstund, hvíld, í kubbahóp og útiveru.¹¹⁹

¹¹⁴ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

¹¹⁵ Viðtal við skólastjórnendur 2.maí 2011.

¹¹⁶ Starfsfólk í leikskólum 2009. Hagtíðindi

¹¹⁷ Viðtöl við deildarstjóra, starfsmenn og foreldra, 29.apríl 2011 og 2.maí 2011.

¹¹⁸ Viðhorfskönnun starfsmanna í Hlíð 2010

¹¹⁹ Starfsmannahandbók. Leikskólinn Hlíð 2011.

Leikskólastjóri gerir endurmenntunaráætlun fyrir hvern starfsmann eftir árlegt starfsmannasamtal þar sem rætt um starfið, verkefni, stjórnun, frammistöðu í starfi, vinnuumhverfið, samskipti, starfsþróun og framtíðaráform.¹²⁰ Niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna sýnir að 58% þeirra telja að unnið sé eftir starfsþróunaráætlun á leikskólanum en 42% vita það ekki.¹²¹

Samstarf er á milli Garðabæjar, Hafnarfjarðar og Mosfellsbæjar um endurmenntun fyrir starfsfólk. Námskeiðsáætlun er útbúin í samstarfi við stjórnendur og kallað er eftir óskum frá starfsfólki. Á síðasta ári var ákveðið að fresta námskeiðum um eitt ár vegna annarra námskeiða og aukinnar fræðslu sem var í viðkomandi sveitarfélagi, en á næsta ári verður aftur boðið upp á námskeið fyrir leikskólana. Starfsfólk Hlíðar hefur jafnframt sótt námskeið erlendis. Á starfsárinu 2009-2010 sóttu starfsmenn 38 námskeið, t.d í matreiðslu, jafnrétti, PALS, slysavörnum, lífsmennt og einelti. Einnig var haldinn sameiginlegur fræðsludagur leik- og grunnskóla í Mosfellsbæ og Skólalping. Starfsfólkið fór í fræðsluferð í leikskólann Andabæ að Hvanneyri, farið var í vettvangsferð leikskólastjórnenda til Hafnarfjarðar og í menningarferð leikskólakennara. Áætluð námsferð erlendis er á þessu eða næsta ári.¹²²

7.4. Fundir og boðskipti

Um boðskipti segir í starfsmannahandbók að tilgangur þeirra sé að reyna að tryggja sem best upplýsingastreymi innan leikskólans. Einnig eiga þau að spara dýrmætan tíma í upplýsingaöflun og í leit að starfsfólki innan leikskólans. Deildarstjórar eru ábyrgir fyrir upplýsingastreymi á sinni deild.¹²³ Deildarstjórafundir eru haldnir á tveggja til þriggja vikna fresti. Starfsmannafundir eru haldnir fjórum sinnum á ári og deildarfundir eru stundum haldnir í lok þeirra.¹²⁴ Deildarfundir eru skipulagðir af deildarstjóra í samvinnu við vinadeild viðkomandi. Vinadeild annast börnin á deildinni í útiveru meðan deildarfundur fer fram.¹²⁵

Í viðtali við stjórnendur kom fram að fjórir starfsmannafundir séu á ári á virkum dögum eftir kl. 14.00 og þá lokar leikskólinn.¹²⁶ Deildarstjórar sögðu að starfsmannafundum hefði fækkað og þetta form á þeim hefði leitt til þess að minni tími væri til að ræða saman og vera saman, þetta hefði áhrif á faglegt starf í leikskólanum. Unnið væri að því að gera fundina skilvirkari og formlegri með því að hafa fyrirfram ákveðna dagskrá sem væri fylgt eftir og að það gæfist einnig tími til að ræða önnur mál.¹²⁷ Í viðtali við deildarstjóra kom fram að upplýsingaflæði

¹²⁰ Starfsmannahandbók. Leikskólinn Hlíð 2011.

¹²¹ Viðhorfskönnun starfsmanna í Hlíð 2010

¹²² Viðtal við skólastjórnendur, 2.mái 2011.

¹²³ Starfsmannahandbók. Leikskólinn Hlíð 2011.

¹²⁴ Viðtal við skólastjórnendur, 2.mái 2011.

¹²⁵ Starfsmannahandbók. Leikskólinn Hlíð 2011.

¹²⁶ Viðtal við skólastjórnendur, 29.apríl 2011.

¹²⁷ Viðtal við deildarstjóra og sérkennara, 29.apríl 2011.

innan leikskólans hefði batnað á árinu. Árið 2010 kom í ljós að upplýsingastreymi um innra starf og fundarskipulag þyrfti að bæta og virkja netpóst betur.¹²⁸

7.5. Jafnrétti

Mosfellsbær er með jafnréttisstefnu og þar kemur fram að: *Í mennta- og uppeldisstofnunum ber að vinna að því að jafna stöðu kynjanna og veita börnum og unglíngum hvatningu til að nýta hæfileika sína til fulls án tillits til kynferðis.... Vinna þarf að því að veita nemendum af báðum kynjum hvatningu til að rækta sérkenni sín og virðingu fyrir gagnstæðu kyni. Fjölskyldunefnd beinir því til skólayfirvalda að við framsetningu námsefnis sé gætt sjónarmiða beggja kynja. Ennfremur að lögð sé áhersla á að búa bæði kynin undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífs, meðal annars með kenningu um jafnréttismál.*¹²⁹

Jafnréttisáætlun leikskólans liggur ekki fyrir og ekki er fjallað um jafnréttismál í skólanámskrá. Enginn karlmaður starfar í leikskólanum.

7.6. Mat úttektaraðila

- Í leikskólanum eru 55% starfsmanna leikskólakennarar og hvetja úttektaraðilar leikskólann að halda áfram að fjölga fagmenntuðu starfsfólki. Starfsmannavelta er mjög lítil á leikskólanum og tryggir ákveðin gæði en jafnframt er mikilvægt að ákveðin endurnýjun eigi sér einnig stað.
- Símenntun og starfsþjálfun í leikskólanum er mjög góð og samvinna um fræðslu við önnur bæjarfélög. Leikskólinn hefur verið duglegur að heimsækja aðra leikskóla bæði innanlands og erlendis. Úttektaraðilar hvetja leikskólanna að útbúa starfsþróunaráætlun fyrir leikskólann í heild og kynni hana.
- Regla er á almennum fundum innan leikskólans, en bæta má skipulag starfsmannafunda og gera þá skilvirkari, t.d. með því að senda út dagskrá og verkefni fyrir fundinn.
- Jafnréttisáætlun leikskólans liggur ekki fyrir og er hann hvattur að útbúa framkvæmdaáætlun sbr.stefnu Mosfellsbæjar og tengja hana stefnu skólans.

¹²⁸ Vinnufundur stjórnenda stofnana og stjórnsýslu Mosfellsbæjar 6.og 7.janúar 2010. Niðurstöður og aðgerðir.

¹²⁹ Jafnréttisstefna Mosfellsbæjar.

8. Börnin

Í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla segir að ákvörðun um fjölda barna skuli taka mið af „samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu.“¹³⁰

Í leikskólanum eru 98 börn á aldrinum tveggja til sex ára. Börnin eru frá sex upp í níu tíma í leikskólanum. Fjöldi barna á deild er frá 10 til 24, sjá viðauka 1. Flest börn eru í 8 – 8,5 klst. á dag í leikskólanum, sjá töflu 1.

Tafla 1: Vistunartími og fjöldi barna:

Vistunartími	Fjöldi barna
6	8
6,5	1
7	7
7,5	3
8	35
8,5	25
9	19
Samtals	98

Í töflu 2 má sjá fjölda barna eftir árgöngum. Deildirnar eru mjög aldurs blandaðar. Sjá nánar í viðauka 1. Í viðtölum við foreldra kom nokkur óánægja með að börnin stoppa stutt við á hverri deild, sem dæmi var 4.ára barn búið að fara á fjórar deildir og 3. ára barn á þrjár deildir. Í samtölum við skólastjórnendur kom fram að færsla yfir á nýja deild væri ávallt í samráði við foreldra. Það kom líka fram í samtölum við foreldra, en þeir telja samt sem áður að þetta sé of mikið rót fyrstu árin fyrir barnið. Þeir ræddu líka um að betra væri að vita á hvaða deild barnið færi. Það væri ekki nógu skýrt.¹³¹

Tafla 2: Fjöldi barna eftir árgöngum:

Árgangur	Fjöldi barna	Deildir
2005	14	Steinahlíð og Esjuhlíð
2006	26	Steinahlíð og Esjuhlíð
2007	23	Hamrahlíð, Úthlíð, Steinahlíð og Esjuhlíð
2008	28	Álfahlíð, Klettahlíð, Hamrahlíð
2009	7*	Álfahlíð, Klettahlíð

* 4 börn hefja brátt aðlögun og bætast við 2009 árganginn.

¹³⁰ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655 /2009.

¹³¹ Viðtöl við skólastjórnendur og foreldra, 2.mai 2011.

8.1 Líðan

Rætt var við sex börn. Þeim virðist líða vel í leikskólanum og eru ánægðust að leika með kúluspil, hundaleik, tækni Lego, segulkubba og fató. Þau voru spurð hvað þau gerðu á leikskólanum og sögðu þau: „Við förum í göngutúra og á bókasafnið”, þau sögðust ekki fara í tölvu í leikskólanum. Þau voru spurð hvernig eigi að vera góður og svöruðu þau: „Með því að klappa og knúsa, en ekki kyssa”.

Áfallateymi er í leikskólanum og er það skipað af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjórum. Áfallaáætlun og upplýsingar um bækur um sorg og sorgarviðbrögð liggja fyrir í starfsmannahandbók.

8.2 Lýðræði

Börnin fá að hafa áhrif á leikinn í vali og í hópatíma. Að mati deildarstjóra má vinna markvissara með þennan þátt. Að mati barna leikskólans þá mega þau helst stjórna þegar kemur að frjálsa leiknum. Þau voru spurð hvort þau mættu stjórna einhverju og þau sögðust mega stjórna í valinu og ráða í hvaða leik þau fara. Þau voru spurð hvort þau fengju að búa til reglurnar var svarið: „Konurnar búa til reglurnar”. Að þeirra mati fara ekki allir eftir reglum. Þegar þau voru spurð hverju þau vildu breyta á leikskólanum svöruðu sum þeirra: „Fá nammi og fjarstýrðan bíl.”¹³²

8.3 Samskipti barna og starfsmanna

Árið 2010 var ákveðið að meta samskipti barna og starfsfólks. Notuð var þátttökuathugun og samskiptabækur. Þátttökuathugun var gerð í fataklefum deildanna og hafði starfsfólkið átta athuganir að vinna úr. Starfsfólk einnar deildar tók að sér að halda samskiptabók, en það er persónuleg greining á þeirra eigin samskiptum við börnin. Skráning var gerð í viku og voru helstu niðurstöður úr samskiptabókinni að starfsfólk sýndi börnunum gott viðmót. Meðvitaðar aðferðir voru notaðar til að leiðbeina og leiðrétta hegðun. Stuðst var m.a. við niðurstöður úr foreldrakönnun frá mars 2010. Helstu niðurstöður úr þátttökuathugun voru að börnin voru hvött áfram til sjálfshjálpar, voru leidd stig af stigi, t.d. með því að benda á myndir á vegg sem sýna hvað kemur næst. Á flestum deildum var passað að senda hæfilegan fjölda barna fram í fataklefan, í einu.¹³³

8.4 Mat úttektaraðila

- Að mati foreldra líður börnum vel í leikskólanum og úttektaraðum virtist svo vera. Hinsvegar liggur ekki fyrir mat á líðan barnanna og telja úttektaraðilar að slíkt mat þurfi að fara fram.
- Sex deildir eru á leikskólanum. Fjöldi barna er ólíkur á milli deilda og fjöldi barna á hvern starfsmann mismunandi og fer það ekki eftir aldri þeirra. Sem dæmi um blandaðar

¹³² Viðtal við börn, 2.mái 2011.

¹³³ Skýrsla frá leikskólanum Hlíð um innra mat starfsins, 27.apríl 2010.

deildir, þá er Úthlíð með 16 börn fædd árið 2007 og enga aðra árganga. Síðan eru sjö önnur börn fædd árið 2007 á leikskólanum og er þeim skipt niður á þrjár deildir. Á Esjuhlíð eru þrjú börn, á Steinahlíð er eitt barn og á Hamrahlíð þrjú börn, sjá nánar í viðauka 1. Úttektaraðilar taka undir áhyggjur foreldra með þetta skipulag og hvetja leikskólann að finna leiðir til að hafa árganga meira saman á deild og að þeir færast ekki eins mikið á milli deilda eins og raun ber vitni, en í rýnihóp foreldra kom fram að þriggja til fjögurra ára börn væru börn búin að færast þrisvar til fjórum sinnum á milli deilda. Þetta skapi óöryggi hjá þeim. Gagnvart foreldrum þarf að vera skýrara skipulag hvernig börnin færast á milli deilda fram í tímann og hvað liggur þar á baki, hvert þau fara og hvenær. Finna þarf leiðir til að hafa deildirnar svipaðar.

- Auka má lýðræðislega aðkomu barnanna að leikskólastarfinu og hlusta á raddir þeirra.

9. Foreldrar

*Foreldrar leikskólabarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náið samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna.*¹³⁴

9.1 Foreldraráð

*Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið...Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.*¹³⁵

Starfandi er foreldraráð og skipa fjórir foreldrar ráðið. Fjórir fundir eru fyrirhugaðir á árinu. Starfsreglur eru til fyrir foreldrafélagið.¹³⁶ Helstu verkefni foreldraráðs á þessu ári var að skrifa markmið og hlutverk foreldraráðs og rýna skólanámskrá.¹³⁷

9.2 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og eru ellefu foreldrar í stjórn þess. Félagið vinnur í nánú samstarfi við starfsfólk leikskólans og stjórnendur. Fundir eru reglulega yfir skólaárið. Greitt er í foreldrafélagið einu sinni á ári. Allt sem greitt er í foreldrafélagið fer beint til barnanna en greiðslan fer m.a. í að greiða ferðir barnanna, sólarvörn og helming af danskennslu á móti leikskólanum.¹³⁸ Almenn ánægja er með foreldrafélagið.¹³⁹

9.3 Lýðræði og þátttaka

Árið 2010 var gerð viðhorfskönnun meðal foreldra barna í öllum leikskólum Mosfellsbæjar á vegum skólaskrifstofu bæjarfélagsins. Almenn voru svör foreldra barna á leikskólanum Hlíð

¹³⁴ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 11. gr.

¹³⁵ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 11. gr.

¹³⁶ Heimasíða. Slóð: <http://www.leikskolinn.is/hlid/>

¹³⁷ Rýnihópur foreldra, 2.mai 2011.

¹³⁸ Heimasíða. Slóð: <http://www.leikskolinn.is/hlid/>

¹³⁹ Rýnihópur foreldra, 2.mai 2011.

ekki stórlega frábrugðin svörum foreldra barna á öðrum leikskólum í Mosfellsbæ. Upplýsingaflæði er þessum hópi mjög hugleikið og einnig er áberandi hve ánægðir Hlíðarforeldrar eru með heimasíðu leikskólans. Einnig komu fram vísendingar um að foreldrar hafi áhuga á mataræðinu og vilji gjarnan fá að fylgjast betur með og jafnvel hafa áhrif á matseðil barnanna.¹⁴⁰

Ekki er til foreldrahandbók en í skólanámskrá er fjallað um foreldrasamstarf. Þar kemur fram að foreldraviðtöl séu að öllu jöfnu tvö á ári en að foreldrar geti óskað eftir fleiri viðtölum. Deildarstjóri sér um viðtölin og fyrir þau hafa deildarstjórar og starfsfólk fyllt út athugunarlista sem tekur til þroskaþátta barnanna. Foreldrar fá tækifæri í foreldraviðtölunum að koma með spurningar og miðla upplýsingum um barnið. Talið er mikilvægt að deildarstjórar fái upplýsingar um breytingar á högum og aðstæðum fjölskyldu barnanna sem fyrst þar sem þær geta haft áhrif á líðan barnsins á leikskólanum.¹⁴¹ Í ársskýrslu segir að foreldrar séu ávallt velkomnir að dvelja með börnum sínum í leikskólanum og taka þátt í starfi þeirra og leik.¹⁴²

Foreldrafundir eru haldnir einu sinni á ári. Að mati foreldra eru þeir frekar illa sóttir og óska eftir að þeir verði endurskoðaðir og foreldrar hvattir til að mæta. Reglulega býðst foreldrum að koma í foreldrakaffi, þar sem foreldrar borða morgunmat með börnunum. Að mati þeirra er þessi stund mjög mikilvæg.¹⁴³

9.4 Samskipti heimilis og leikskólans

Á heimasíðu leikskólans er fjölskyldusíða þar sem hægt er að nálgast myndir af börnunum (foreldrar fá aðgangsorði að síðu). Einnig eru á heimasíðunni að finna ýmsar upplýsingar, s.s. fréttir af starfinu, matseðla og stundaskrár fyrir hverja deild. Misjafnt er hversu mikið er af fréttum fyrir hverja deild.¹⁴⁴ Upplýsingatöflur eru á öllum deildum fyrir daglegar upplýsingar. Samkvæmt niðurstöðum úr foreldrakönnun árið 2010 finnst 97% foreldra heimasíðan upplýsandi.¹⁴⁵ Foreldrar telja að starfsmenn séu duglegir að upplýsa foreldra, t.d. í gegnum tölvupóst og með orðsendingum á upplýsingartöflu. Upplýsingaflæði sé hinsvegar misjafnt eftir deildum. Á heimasíðu leikskólans þar sem fjallað er um hverja deild fyrir sig er misjafnt eftir deildum hvaða upplýsingar eru til staðar. Hjá sumum deildum eru upplýsingar um dagsskipulagið og ekkert annað, en hjá öðrum eru mjög ítarlegar upplýsingar.¹⁴⁶

Foreldrar fá bækling um leikskólann þegar barnið byrjar. Foreldrar eru ánægðir með aðlögun barnanna þegar þau byrja á leikskólanum, þau finni að ferlið er í mjög föstum skorðum og

¹⁴⁰ Heimasíða Mosfellsbæjar. Slóð: <http://www.mos.is/>

¹⁴¹ Skólanámskrá. Hlíða 2011.

¹⁴² Ársskýrsla 2010-2011. Leikskólinn Hlíð.

¹⁴³ Rýnihópur foreldra, 2.maí 2011.

¹⁴⁴ Heimasíða. Hlíð. Slóð: <http://www.leikskolinn.is/hlid/>

¹⁴⁵ Viðhorfskönnun foreldra í Hlíð 2009-10

¹⁴⁶ Heimasíða leikskólans Hlíð, 9.maí 2011 og Rýnihópur foreldra, 2.maí 2011.

finna fyrir öryggi starfsmanna og barna. Aðlögun á milli deilda hafa líka gengið vel að þeirra mati.¹⁴⁷

Samkvæmt niðurstöður úr foreldrakönnun eru 99% foreldrar ánægðir með viðmót starfsmanna og samskipti sín við leikskólann.¹⁴⁸ Í rýnivíðtölum nefndu foreldrar að þeir myndu hjá sumu starfsfólki ákveðinn starfsleiða eða þreytu. Þeir nefndu að það væri áskorun til leikskólastjóra að halda neistanum hjá starfsfólki sem hefði unnið lengi í leikskólanum. Það væri kostur og galli við að hafa starfsmenn með langar starfsaldur, ákveðin hætta væri á að þreyta gagnvart starfinu kæmi fram, t.d. í því að sleppa því að fara út eða sinna öðru því sem fram kemur í dagsskipulagi.¹⁴⁹

9.5 Mat úttektaraðila

- Foreldraráð er starfandi við leikskólann og kom það að endurskoðun skólanámskrár.
- Almenn ánægja er með foreldrafélagið sem sinnir hefðbundnum viðburðum.
- Lýðræði og þátttaka foreldra er almenn, foreldrar eru ánægðir með leikskólann. Auka má þátttöku þeirra í leikskólastarfinu og á fundum.
- Úttektaraðilar taka undir með áhyggjum foreldra varðandi háan starfsaldur deildarstjóra og telja að mikilvægt sé að stjórnendur leikskólans haldi við og efla starfsgleðina og tryggi að það skili sér til foreldra og barna.

10. Sérkennsla barna og sérfræðipjónusta sveitarfélagsins

*Leikskólinn á að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum.*¹⁵⁰

Á heimasíðu Mosfellsbæjar segir að skólaskrifstofa sjái leik- og grunnskólum fyrir sérfræðilegri ráðgjöf skv. lögum og reglugerðum. Starfrækt er sérfræðipjónusta sem heyrir undir skólaskrifstofu. Þar starfa þrjár sálfræðingar og einn kennsluráðgjafi.

Meginverkefni eru:

- Sálfræðipjónusta við leik- og grunnskóla
- Umsjón með annarri sérfræðipjónustu í samstarfi við skólafulltrúa
- Tengsl við aðrar stofnanir innan og utan bæjarfélagsins
- Fræðsla og ráðgjöf til foreldra og starfsfólks skóla
- Forvarnarverkefni, þróunar- og nýbreytnistarf
- Áætlana- og skýrslugerð og önnur stjórnsýslu

¹⁴⁷ Rýnihópur foreldra, 2.mai 2011.

¹⁴⁸ Viðhorfskönnun foreldra í Hlíð 2009-10

¹⁴⁹ Rýnihópur foreldra, 2.mai 2011.

¹⁵⁰ Aðalnámskrá leikskóla 1999:15.

Til er stefnumörkun bæjarfélagsins um sérkennslu í grunnskólum Mosfellsbæjar.¹⁵¹ Vinnuhópur er að fara af stað á vegum bæjarins sem á að endurskipuleggja sérkennslustefnu Mosfellsbæjar og þá verða leikskólamálin bætt við. Vinnuhópurinn mun taka tillit til nýrra laga, s.s. vegna tilfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Vinnuhópurinn á að skila af sér niðurstöðum næsta haust.¹⁵²

Á Hlíð er þroskaþjálfari sem hefur yfir umsjón með sérkennslu í samráði við deildarstjóra viðkomandi barns. Viðkomandi starfsmaður er í 50% starfshlutfalli. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með sérþarfir og í henni koma fram markmið og leiðir. Framkvæmd sérkennslunnar er þannig að oftast er unnið í hópum í sérkennsluherbergi eða inn á deildum en einnig eru einstaklingstímar fyrir börn með umtalsverðar sérþarfir. Sérkennslustjórar í Mosfellsbæ hafa unnið handbók þar sem verklagsreglur og verkferlar sem unnið er eftir hafa verið samræmdir milli leikskóla s.s. móttaka tvítyngdra barna, barnaverndarmál, stoð- og ráðgjafarþjónustu.¹⁵³ Fá börn í leikskólanum þurfa á sérstuðningi að halda.

10.1 Samstarf við heilsugæslu og sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins

Að sögn skólastjórnenda hafa samskiptin við Heilsugæsluna verið góð. Heilsugæslan hefur haft samband við leikskólann í þeim tilfellum sem barn kemur endurtekið „illa út“ í 2 1/2, eða 4 ára skoðun hjá þeim. Leikskólinn hefur einnig haft samband af fyrra bragði, ef áhyggjur eru koma fram í leikskólanum vegna þroska barns. Þetta er þó í undantekningartilfellum.¹⁵⁴ Sálfræðingur kemur einnig hálfsmánaðarlega og ræðir við deildarstjóra varðandi einstök mál. Leikskólinn hefur aðgang að talmeinafræðingi frá Mosfellsbæ, hann hefur komið einu sinni til tvisvar á ári í leikskólann.¹⁵⁵

10.2 Mat úttektaraðila

- Leikskólinn hefur aðgang að sérfræðiráðgjöf hjá skólaskrifstofu Mosfellsbæjar. Góð samvinna er á milli þessara aðila og heimsóknir reglulegar.
- Þroskaþjálfari hefur yfirumsjón með sérkennslu. Fá börn í leikskólanum þurfa sérstuðning, en góð aðstaða er fyrir hendi, s.s. sérkennsluherbergi.
- Samskipti við Heilsugæsluna eru góð og er ákveðið ferli í gangi ef barn kemur ekki vel út úr almennri skoðun.
- Verklagsreglur og verkferlar um móttöku tvítyngdra barna, barnaverndarmál og stoð- og ráðgjafarþjónustu liggja fyrir og hafa verið samræmd í Mosfellsbæ.

¹⁵¹ Heimasíða Mosfellsbæjar. Slóð: <http://mosfellsbaer.is/Menntunoguppeldi/Skolaskrifstofa/>

¹⁵² Viðtal við skólafulltrúa og formann fræðslunefndar, 2.mái 2011.

¹⁵³ Skólanámskrá. Hlíð 2011.

¹⁵⁴ Ársskýrsla leikskólans Hlíðar, 2009-2010.

¹⁵⁵ Viðtal við skólastjórnendur, 2.mái 2011.

11. Mat og eftirlit sveitarfélagsins

*Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.*¹⁵⁶

Á heimasíðu Mosfellsbæjar kemur fram að skólaskrifstofa fylgist með framkvæmd skólahalds og hafi yfirumsjón með áætlanagerð og almennu eftirlit með skólastarfi. Vinna við gerð Skólastefnu Mosfellsbæjar hófst árið 2000 og var hún samþykkt árið 2002 undir heitinu *Heildstæð skólastefna*. Árið 2009 var skólastefnan endurskoðuð. Haldið var Skólaping með nemendum, kennurum, foreldrum og öðrum bæjarbúum. Áhersla var lögð á raddir barna og var börnum frá leikskólum boðið á Skólapingið. Haustið 2009 var ný skólastefna samþykkt og tók hún mið af gildum bæjarins: Virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja. Skólastefnan skal höfð að leiðarljósi við gerð skólanámskráa og vera stjórnendum uppeldisstofnana Mosfellsbæjar leiðarvísir að uppbyggingu starfseminnar. Skólanámskrár eru þannig framkvæmdaáætlanir skólastefnunnar og kynnt foreldrum og staðfest í fræðslunefnd og bæjarstjórn í samræmi við lög og reglugerðir.¹⁵⁷

Rætt var við skólafulltrúa Mosfellsbæjar og formann fræðslunefndar. Ekki er bein tengsl á milli skólastefnu leikskólans og stefnu sveitarfélagsins í leikskólamálu. Markmiðið er samkvæmt fræðslunefnd að tengja stefnurnar saman við gerð nýrrar skólanámskrár þegar ný aðalnámskrá liggur fyrir. Við endurskoðun á skólanámskrá Hlíðar hafi sú vinna verið lögð til hliðar að svo stöddu.¹⁵⁸

Rekstur leikskólans hefur gengið vel að mati skólafulltrúa og formanns fræðslunefndar. Stjórnun skólans og mönnun hans hefur gengið vel og starfið verið faglegt og foreldrasamstarf gott. Mikil ánægja er með mötuneyti leikskólans og fékk hann bestu einkunn frá Sýni sem tekur út mötuneyti allra leikskóla í Mosfellsbæ, bæði hvað varðar rekstrarkostnað og ánægju með matinn.

Eftirlit bæjarfélagsins og stuðningur með skólanum er nokkur, en skólafulltrúi er tengiliður við skólann. Samstarf er við önnur sveitarfélög varðandi símenntun starfsmanna. Samstarf er við Kjalarnes og Hvalfjarðarsveit um vistun. Farið er í vettvangsferðir á aðra leikskóla.

¹⁵⁶ Lög um leikskóla 90/20098, 19. gr.

¹⁵⁷ Skólastefna Mosfellsbæjar, 2010.

¹⁵⁸ Viðtal við fræðslunefnd, 2.mái 2011.

11.1 Mat úttektaraðila

- Bæjarfélagið sinnir mati og eftirliti með gæðum skólstarfsins. Framkvæmdar eru kannanir á vegum þeirra á viðhorfi foreldra og starfsmanna. Einnig er fylgst með húsnæði, aðbúnaði, mötuneyti og öryggismálum.
- Bæjarfélagið hefur ekki fylgt nægjanlega vel eftir innra og ytra mati til umbóta í leikskólstarfinu, t.d. með aðgerðaráætlun í kjölfar viðhorfskannana meðal foreldra og starfsmanna og stjórnendamáts.
- Ekki hafa verið gerðar kannanir á líðan barna í leikskólanum, en við gerð skólustefnu Mosfellsbæjar var rætt við og kannað viðhorf og líðan barna í sambandi við leikskóla bæjarins. Úttektaraðilar hvetja bæjarfélagið og kalla eftir skýrari aðgerðaráætlun frá leikskólanum í kjölfar niðurstaðna.
- Skólustefna bæjarfélagsins liggur fyrir og er til fyrirmyndar hvernig sú vinna var framkvæmd með þátttöku barna frá tveggja ára aldri og upp úr. Úttektaraðilar hvetja leikskólann að taka mið að nýrri skólustefnu bæjarfélagsins við endurskoðun á nýrri skólustefnu leikskólans þegar ný aðalnámskrá leikskóla liggur fyrir.

12. Niðurstöður höfunda

12.1 Styrkleikar og veikleikar, ógnanir og tækifæri

Í rýnihópum og viðtölum voru stjórnendur, kennarar, starfsmenn, foreldrar og fræðslunefnd spurðir út í styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri leikskóla Hlíðar. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður úr viðtölum við þessa aðila ásamt niðurstöðum úttektaraðila.

Styrkleikar	Veikleikar	Ógnanir	Tækifæri
Skólinn uppfyllir kröfur aðalnámskrár um áhersluþætti námssviða	Skólanámskrá ekki nógu stefnumiðuð. Of mikið af praktískum upplýsingum um deildirnar sem má færa í aðrar handbækur	Krafa um aukna menntun leikskólakennara	Ný skólanámskrá Tengja skólanámskrá við stefnu Mosfellsbæjar
Metnaður deildarstjóra og gott faglegt og skipulagt starf	Skráning misjöfn eftir deildum og færast ekki á milli deilda við flutning barna	Fáir leikskólakennarar í námi	Handbækur fyrir deildirnar Samræmd verkferli milli deilda
Langur starfsaldur stjórnenda og góður starfsandi	Upplýsingaflæði misjafnt eftir deildum og ekki samræmt		Meiri samheldni í starfsmannahópnum
Rekstur leikskólans hefur gengið vel og ánægja er með stjórnendur	Börnin stoppa stutt við á sumum deildum		Ítarlegri sjálfsmatsskýrsla
Nokkuð skýr stefna, áhersla á kubbastarf og listsköpun	Ekki samræmd verkferli milli deilda		Kanna líðan barna Aukin lýðræðisleg aðkoma barna að leikskólastarfinu
Þróunarverkefni hafa gengið vel	Vantar skriflega jafnréttisáætlun		Aukin þátttaka foreldra í leikskólastarfinu
Skólastefna sveitarfélagsins liggur fyrir og er til fyrirmyndar	Þrengdist að listaskála þegar kubbarnir voru settir þar inn		Samræmt skóladagatal leik- og grunnskóla sveitarfélagsins
Nálægð við náttúru, umhverfi, stofnanir bæjarins	Upplýsingastreymi mætti vera betra, hefur lagast		Innleiðing á gildum Mosfellsbæjar inn í daglegt starf
Nánd við fræðsluskrifstofu og bæjarstjórn og aðhald frá þeim	Færri starfsmannafundir en áður		Nálægð við umhverfið og náttúru, sveitina og stofnanir.
Sérfræðiráðgjöf hjá skólaskrifstofu mjög aðgengileg	Ekki skýr til sjálfsmatsskýrsla		Læsi og PALS
Húsnæði, aðbúnaður og lóð og metnaðarfullur matseðill	Aðgerðaráætlun í kjölfar kannana mjög almenn og tekur ekki á öllum þáttum sjálfsmats		Kubbastarfið
Fjölþreytt leikefni og efniviður	Mat á líðan barna liggur ekki fyrir í leikskólanum		Samstarf við Varmárskóla
Ánægðir foreldrar og gott foreldrasamstarf	Sveitarfélagið hefur ekki fylgt nægjanlega vel eftir innra og ytra mati til umbóta í leikskólanum, t.d. með aðgerðaráætlun í kjölfar kannana		
Mikil áhersla á listir og sköpun			
Samstarf við Varmárskóla og tónlistarskólann			
Mikil símenntun og starfsþjálfun starfsmanna			
Reglulegar kannanir á viðhorfi foreldra og starfsmanna			

12.2 Tillögur til úrbóta

Til þess að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þarf leikskólinn að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

- Við endurskoðun á skólanámskrá er leikskólinn hvattur til að gera hana stefnumiðaðri, einfaldari, færa praktíska þætti yfir í aðrar handbækur, útbúa sér námskrá um sérstöðu leikskólans og tengja hana við stefnu bæjarfélagsins.
- Mikilvægt er að samræma verkferli, skráningar og upplýsingaflæði deildanna. Auka þarf samvinnu, samkennd og samheldni milli deilda og nýta styrkleika starfsmanna, t.d. nýta það sem er gert vel á einni deild yfir á aðra o.s.frv.
- Leikskólinn þarf að ákveða á hvaða grunni hann tekur inn börn og breyta stefnunni í samræmi við aldurssamsetningu á deildum. Leikefni og efniviður þarf að taka mið að aldri og þroska barnanna.
- Upplýsa þarf foreldra um hvernig börnin færast á milli deilda, hvenær og á hvaða deild. Tryggja þarf að börn stoppi ekki of stutt við á hverri deild.
- Útbúa þarf skýrari sjálfsmatsskýrslu fyrir leikskólann og aðgerðaráætlun í kjölfar kannana um líðan starfsmanna, barna og viðhorf foreldra.
- Auka þátttöku foreldra að leikskólastarfinu.
- Finna þarf leiðir til að auka hlutfall fagmenntaðra starfsmanna, t.d. með því að hvetja núverandi starfsmenn til að bæta við sig réttindum.
- Kanna líðan barna og auka lýðræðislega aðkomu þeirra að leikskólastarfinu.
- Útbúa þarf jafnréttisáætlun og vinna að því að auka hlutfall karla í leikskólanum.
- Fræða þarf starfsfólk betur um stefnu leikskólans og hvaða hugmyndafræði liggur þar að baki. Einnig þarf að tryggja að innra starf taki mið af hugmyndafræðinni.
- Tryggja þarf að starfsmannafundur nýtist betur við að efla starfið.

Heimildaskrá

1. Aðalnámskrá leikskóla, 1999. Reykjavík, menntamálaráðuneytið.
2. Árvekni, ábyrgð og yfirsýn. Öryggisreglur fyrir leikskóla Mosfellsbæjar.
3. Ársskýrsla 2010-2011. Leikskólinn Hlíð
4. Heimasíða Hlíðar. <http://www.leikskolinn.is/hlid/>
5. Heimasíða Mosfellsbæjar. <http://www.mos.is/>
6. Jafnréttisstefna Mosfellsbæjar.
7. Lög um leikskóla nr. 90/2008.
8. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 10/2008.
9. Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla 655/2009.
10. Skólanámskrá. Leikskólinn Hlíð 2011.
11. Skólastefna Mosfellsbæjar, 2010.
12. Skýrsla frá leikskólanum Hlíð um innra mat starfsins, 27.apríl 2010.
13. Starfsmannahandbók. Leikskólinn Hlíð 2011.
14. Starfsmannastefna Hlíðar
15. Starfsáætlun Hlíðar fyrir starfsárið 2011
16. Upplýsingar frá leikskólastjóra
17. Viðhorfskönnun foreldra í Hlíð 2009 – 2010.
18. Viðhorfskönnun starfsmanna Hlíðar 2011.
19. Vinnufundur stjórnenda stofnana og stjórnýslu Mosfellsbæjar 6.og 7.janúar 2010.
Niðurstöður og aðgerðir.

Viðauki

Viðauki 1: Fjöldi barna á deild:

Deild	Árgangur	Fjöldi barna	Samtals	Fjöldi starfsmanna	Barn per. starfsmann
Álfahlíð	2008	7	10	2	5
	2009	3			
Klettahlíð	2008	6	10	2	5
	2009	4			
Hamrahlíð	2007	3	18	3	6
	2008	15			
Úthlíð	2007	16	16	4	4
Steinahlíð	2005	8	20	3	6,7
	2006	11			
	2007	1			
Eskjuhlíð	2005	6	24	4	6
	2006	15			
	2007	3			
Samtals			98	18	

Viðauki 2: Menntun starfsmanna á deildum:

Deild	Menntun deildarastjóra	Menntun starfsmanna
Álfahlíð	Leikskólakennari	Táknmálsfæðingur
Klettahlíð	Leikskólakennari frá Þýskalandi	Gagnfræðingur
Hamrahlíð	Leikskólakennari	Leikskóla- og myndlistarkennari frá Þýskalandi Leikskólalabrá
Úthlíð	Leikskólakennari	Nuddfræðingur Kennari frá Filippseyjum Gagnfræðingur
Eskjuhlíð	Leik- og grunnskólakennari	Uppeldisfræðingur frá Póllandi Gagnfræðingur Gagnfræðingur
Steinahlíð	Leikskólakennari	Gagnfræðingur og sjúkraliði Gagnfræðingur